



# ÁRSSKÝRSLA 2015



STOFNUN  
VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR  
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

---

# EFNISYFIRLIT

---

Inngangur.....	1
Stjórn og starfsmenn.....	2
Starfssvið og hlutverk.....	5
Fyrsta skóflustunga að nýbyggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur ..	6
Þjóðin sem valdi Vigdísí - 35 ár frá sögulegu forsetakjöri .....	8
Ráðstefnur .....	10
Málþing .....	11
Aldarafmælis dönskukennslu við Háskóla Íslands minnst .....	14
Evrópski tungumáladagurinn .....	19
Fyrirlestrar .....	17
Útgáfa fræðiritra .....	18
Alþjóðlegt samstarfsnet og þróunarverkefni .....	21
Aðrir viðburðir .....	24
Konfúsíusarstofnun Norðurljósa.....	27
Vigdísarstofnun – Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar.....	29
Styrkir .....	36
Starfsfólk .....	41
Miðlun rannsókna.....	54

For the English summary of the activity report of Vigdís Finnbogadóttir Institute of Foreign Languages, please consult [http://vigdis.hi.is/activity\\_reports](http://vigdis.hi.is/activity_reports)

Umbrot: Valgerður Jónasdóttir

Mynd á forsiðu: Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, og Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra taka fyrstu skóflustungu að nýrri byggingu fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Vigdísarstofnun - alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar, sunnudaginn 8. mars, á alþjóðadegi kvenna.

Prentun: Oddi, umhverfissvottuð prentsmiðja

---

# INNGANGUR

---

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum (SVF) er rannsóknastofnun á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Við stofnunina eru stundaðar rannsóknir í þeim 14 erlendu tungumálum sem eru kennd við háskólann, þ.e. arabísku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, ítölsku, japönsku, kínversku, latínu, norsku, rússnesku, spænsku, sænsku og þýsku, ásamt bókmenntum og menningu viðkomandi málsvæða. Önnur meginfræðasvið eru þýðingar, samanburðarmálvísindi, máltileinkun, tungumálanám og tungumálakennsla, svæðarannsóknir (Evrópu-, Norðurlanda-, Ameríku-, Mið-Austurlanda- og Asíufræði), samskipti á erlendum tungumálum og erlendar tungur og menning á Íslandi í sögu og samtíð. Árið 2015 var fjórtánda starfsár Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og að venju hefur starfsemin verið þróttmikil og fjölbreytt. Stofnunin hefur staðið fyrir fjölda viðburða í samvinnu við innlenda og erlenda fræðimenn og vísindastofnanir og áhersla hefur verið lögð á að auka þekkingu og upplýsta umræðu á fræðasviðum stofnunarinnar. Í því skyni hefur stofnunin staðið fyrir ráðstefnum, málþingum og fyrirlestraröðum ásamt útgáfu veftímaritsins *Milli mála – tímarits um erlend tungumál og menningu* og annara fræðiritra.

Á árinu bar hæst að teknar voru fyrstu skóflustungur að nýbyggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sem m.a. mun hýsa Vigdísarstofnun – alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar sem mun starfa undir merkjum UNESCO (sjá bls. 6). Þá stóð stofnunin í samvinnu við Alþingi, Reykjavíkurborg og aðra fyrir veglegri útihátíð við Austurvöll í tilefni þess að 35 ár voru liðin frá sögulegu kjöri Vigdísar Finnbogadóttur í embætti forseta Íslands (sjá bls. 8).



**STARFSMENN SVF**

DANSKA	FRANSKA	ENSKA	FRANSKA	ENSKA	SPÆNSKA	TUNGUMÁLA-MIDSTÖÐ	KÍNVERSKA
							
Auður Hauksdóttir prófessor	Ásdís R. Magnúsdóttir prófessor	Ásrún Jóhannsdóttir aðjunkt	Ásta Ingibjartsdóttir aðjunkt	Birna Arnbjörnsdóttir prófessor	Erla Erlendsdóttir dósent	Eyjólfur M. Sigurðsson deildarstjóri	Fei Jie sendikennari

FRANSKA	GRÍSKA/LATÍNA	DANSKA	NORSKA	ENSKA	DANSKA	SVF	JAPANSKA
							
François Heenen aðjunkt	Geir P. Þórarinnsson aðjunkt	Gísli Magnússon lektor	Gro Tove Sandmark sendikennari	Guðrún Björk Guðsteinsdóttir prófessor	Guðrún Haraldsdóttir verkefnisstjóri	Guðrún Kristinsdóttir verkefnisstjóri	Gunnella Þorgeirsdóttir lektor

SPÆNSKA	ENSKA	FRANSKA	ÞÝSKA	KÍNVERSKA	RÚSSNESKA	ENSKA	SPÆNSKA
							
Hólmfríður Garðarsdóttir prófessor	Ingibjörg Ágústsdóttir dósent	Irma Erlingsdóttir dósent	Jessica Guse sendikennari	Jia Yucheng sendikennari	Jón Ólafsson prófessor	Júlían Meldon D'Arcy prófessor	Kristín G. Jónsdóttir lektor

SÆNSKA	KÍNVERSKA	KONFÚSÍUSAR-STOFNUN	ENSKA	ÞÝSKA	ENSKA	ÍTALSKA	ÞÝSKA
							
Lars-Göran Johansson sendikennari	Liu Kailiang sendikennari	Magnús Björnsson forstöðumaður	Magnús Fjalldal prófessor	Magnús Sigurðsson aðjunkt	Martin Regal dósent	Michele Broccia sendikennari	Oddný G. Sverrisdóttir prófessor

DANSKA	RÚSSNESKA	ÍTALSKA	KONFÚSÍUSAR-STOFNUN	DANSKA	SVF	KÍNVERSKA	KONFÚSÍUSAR-STOFNUN
							
Pernille Folkmann lektor	Rebekka Þráinsdóttir aðjunkt	Stefano Rosatti aðjunkt	Stefán Ólafsson kynningarstjóri	Susanne A. Elgum aðjunkt	Valgerður Jónasdóttir grafískur hönnuður	Wang Xia sendikennari	Þorgerður A. Björnsdóttir verkefnisstjóri

ENSKA	DANSKA	ÞÝÐINGAFRÆÐI	KÍNVERSKA
			
Þórhallur Eyþórsson prófessor	Þórhildur Oddsdóttir aðjunkt	Gauti Kristmannsson prófessor	Geir Sigurðsson dósent

**STARFSMENN MEÐ AUKAÆILD**

---

# STJÓRN OG STARFSMENN

---

Á árinu 2015 störfuðu 40 fræðimenn við stofnunina auk verkefnisstjóra.

Stjórnarskipti urðu þann 6. maí en þá var kjörin ný stjórn skv. reglum stofnunarinnar. Fyrri stjórn voru þökkuð góð störf en hana skipuðu Auður Hauksdóttir, formaður, Ásdís R. Magnúsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Oddný G. Sverrisdóttir og Guðmundur S. Brynjólfsson, tilnefndur af Félagi doktorsnema. Í nýja stjórn voru kjörin Auður Hauksdóttir, formaður, Birna Arnbjörnsdóttir, Oddný G. Sverrisdóttir, Geir Þórarinn Þórarinsson og Guðmundur S. Brynjólfsson fyrir hönd Félags doktorsnema. Varamenn í stjórn voru kjörin þau Hólmfríður Garðarsdóttir og Gísli Magnússon. Auk stjórnarformennsku gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumans. Stjórnirnar komu samtals saman fimm sinnum á árinu.

Ritnefnd stofnunarinnar var skipuð þeim Ásdísi R. Magnúsdóttur og Rebekku Þráinsdóttur.

Guðrún Kristinsdóttir gegndi starfi verkefnisstjóra í fullu starfi og hafði umsjón með daglegum rekstri stofnunarinnar og verkefnum á hennar vegum, en Valgerður Jónasdóttir, grafískur hönnuður og meistaranemi í þróunarfræðum, sinnti í hlutastarfi verkefnum á sviðum hönnunar og útgáfu.

Ingibjörg Ágústsdóttir hlaut framgang í stöðu dósentis í breskum bókmenntum á árinu.

Jón Ólafsson var ráðinn í starf prófessors í rússnesku í hálfu starfi og prófessors í menningarfræði við Íslensku- og menningardeild frá 1. janúar. Gísli Magnússon var ráðinn í starf lektors í dönskum bókmenntum frá 1. júlí og Gunnella Þorgeirsdóttir var ráðin í starf lektors í japönsku frá sama tíma.

Stöður sendikennara í norsku og ítölsku voru lagðar niður á árinu og voru það mikil vonbrigði fyrir starfsfólk SVF, sem og nemendur í norsku, Norðurlandafræðum og ítölsku. Með brotthvarfi sendikennara í norsku er meira en hálfur aldar hefð fyrir styrkveitingu norskra stjórnvalda til starfsins rofin. Strax var brugðist við og leitað leiða til að finna lausn sem gæti orðið til þess að hefja kennslu í norskri tungu og bókmenntum á ný.



Stjórn SVF, frá vinstri: Birna Arnbjörnsdóttir, Guðmundur S. Brynjólfsson, Geir Þ. Þórarinsson, Auður Hauksdóttir formaður og Oddný G. Sverrisdóttir, ásamt Hólmfríði Garðarsdóttur, varamanni í stjórn (önnur frá hægri). Á myndina vantar Gísla Magnússon varamann.

Sú nýbreytni var tekin upp á haustmisseri að hefja ársnám í arabísku við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda. Þórir Jónsson Hraundal, nýdoktor við Heimspekistofnun, hefur umsjón með kennslunni, sem er hluti af nýrri námsleið í Miðausturlandafræðum.

## Samstarfsmaður kvaddur



Magnús Fjalldal  
prófessor.

Magnús Fjalldal, prófessor í enskum miðaldabókmenntum, féll frá þann 4. nóvember eftir skammvinn veikindi, 65 ára að aldri.

Magnús fæddist á Melgraseyri við Ísafjarðardjúp 3. september árið 1950. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1970. Að því búnu stundaði hann nám við Yale-háskóla í Bandaríkjunum í tvö ár. Magnús lauk BA-prófi í ensku og íslensku frá Háskóla Íslands árið 1976 og cand. mag.-prófi í ensku frá sama skóla árið 1977. Árið 1985 lauk hann doktorsprófi í enskum bókmenntum og germönskum miðaldafræðum frá Harvard-háskóla.

Magnús kenndi við Háskóla Íslands frá árinu 1982, fyrst sem stundakennari í ensku við heimspekideild, síðan lektor árin 1987-1990, dósent árin 1990-1997 og prófessor í enskum miðaldabókmenntum frá árinu 1997.

Rannsóknir Magnúsar voru fyrst og fremst á sviði enskra og íslenskra miðaldafræða. Auk doktorsritgerðar um lærðan og leikan orðaforða í engilsaxneskum kveðskap liggja eftir hann tvær bækur, *The Long Arm of Coincidence: The Frustrated Connection Between Beowulf and Grettis Saga* sem var gefin út hjá University of Toronto Press árið 1998 og *Anglo-Saxon England in Icelandic Medieval Texts* sem kom út hjá sama forlagi árið 2005.

Samstarfsmenn hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur kveðja góðan féлага og þakka farsælt samstarf í áratugi.

---

# STARFSSVIÐ OG HLUTVERK

---

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er ein aðildarstofnana Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands og rannsóknavettvangur kennara í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda. Rannsóknir stofnunarinnar snúast um erlend tungumál og menningu frá ýmsum sjónarhornum en helstu rannsóknasviðin eru:

- Málvísindi, m.a. samanburðarmálvísindi, máltileinkun, orðaforði, hljóðfræði, annarsmálsfræði og orðabókarfræði.
- Bókmenntir, m.a. bókmenntir einstakra þjóða og málsvæða, t.d. enskar, franskar, þýskar, rússneskar og asískar bókmenntir, sem og bókmenntir spænskumælandi landa og Norðurlandabókmenntir.
- Menning tiltekinna málsvæða og samanburður á menningu eftir málsvæðum í sögu og samtíð.
- Samskipti á erlendum málum og notagildi þeirra m.a. í atvinnulífi.
- Kennsla erlendra tungumála og þróun kennslugagna.
- Þýðingar milli íslensku og annara mála, bæði bókmennta- og nytjapýðingar.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur leggur áherslu á að vekja athygli á að fjölmenningarleg viðhorf og þekking á öðrum þjóðum og tungumálum feli í sér persónulegan, menningarlegan og efnahagslegan ávinning. Hnattvæðing kallar á þekkingu og færni sem tekur mið af sívaxandi samskiptum á öllum sviðum. Ljóst má vera að einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki sem hafa á að skipa einstaklingum sem búa yfir góðri tungumálakunnáttu og menningarinnisæi séu betur í stakk búin til að takast á við áskoranir á alþjóðavettvangi en aðrir.

Markmið stofnunarinnar er að styðja við kennslu í erlendum tungumálum og byggja upp öflugar rannsóknir á því sviði. Í rannsóknastarfi er haft að leiðarljósi að auka skilning á eðli máltileinkunar og gildi tungumálakunnáttu og menningar á öllum sviðum mannlífs og þjóðlífs og stofnunin kappkostar að miðla upplýsingum um nýja þekkingu á eðli tungumálanáms og nýjungar í kennslu erlendra mála á öllum skólástigum.

Auk rannsókna stuðlar stofnunin að upplýstri umræðu í þjóðfélaginu um erlend tungumál, bókmenntir og menningu, tungumálanám, þýðingar og samskipti á erlendum tungum. Þetta hlutverk sitt rækir stofnunin með fyrirlestra- og ráðstefnuhaldi, útgáfu fræðiritra og þróun námsefnis og annarra gagna sem geta auðveldað tungumálanám og tjáskipti á erlendum tungum. Á undanförunum árum hafa fræðimenn stofnunarinnar lagt ríka áherslu á að hagnýta máltækni og tölvur í þágu tungumálanáms og tungumálarannsókna, m.a. með þróun námsgagna og veforðabóka. Stofnunin gefur út *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu* sem kemur út í vefútgáfu einu sinni á ári og fjallar um rannsóknir á fræðasviðum SVF. Stofnunin tekur þátt í fjölmörgum þróunar- og rannsóknaverkefnum á fræðasviði sínu í samstarfi við íslenska og erlenda fræðimenn og háskólastofnanir.

Auk þess að halda ráðstefnur, málþing og fyrirlestraraðir, stóð stofnunin fyrir hátíðardagskrá í tilefni af Evrópska tungumáladeginum þann 26. september í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi. Þessir aðilar stóðu að fjölbreyttri dagskrá undir yfyrskriftinni „Tungumálakennsla á tímamótum“. Nánar verður greint frá helstu viðburðum í starfsemi stofnunarinnar á árinu hér á eftir.



---

# FYRSTU SKÓFLUSTUNGUR AÐ NÝBYGGINGU STOFNUNAR VIGDÍÐSAR FINNBOGADÓTTUR

---

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, tóku fyrstu skóflustungur að nýbyggingu fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sunnudaginn 8. mars, á alþjóðadegi kvenna. Byggingin mun rísa á horni Suðurgötu og Brynjólfsgötu, næst gömlu Loftskæptastöðinni. Framkvæmdir hófust í kjölfarið og á byggingin að verða tilbúin til notkunar í byrjun árs 2017.

Vigdís Finnbogadóttir, velgjörðarsendiherra tungumála hjá UNESCO, Menningar-, mennta- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna, og forysta Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum hafa undanfarin ár kynnt og leitað eftir stuðningi við nýbygginguna bæði innanlands og utan. Verkefnið hefur hlotið gríðarlega jákvæðar undirtektir og hafa fjölmargir einstaklingar, fyrirtæki og félagasamtök lagt því lið með fjárhagslegum stuðningi. Þar ber hæst framlag A.P. Møller og Hustru Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal sem nemur röskum 200 milljónum króna. Auk þess nýtur verkefnið rausnarlegs stuðnings íslenskra stjórnvalda, Reykjavíkurborgar og Happpdrættis Háskóla Íslands ásamt fjölmargra fyrirtækja, einstaklinga og stofnana hér heima og erlendis.

Í nýbyggingunni felast stórkostleg tækifæri til rannsókna og atvinnusköpunar og á starfsemin vafalítið eftir að verða mikil lyftistöng fyrir íslenska menningu og fræðasamfélag. Þar verður fjölbreytt starfsemi sem öll miðar að því að auka þekkingu á erlendum tungumálum og menningu og miðla þessari þekkingu sem víðast. Þar verður til húsa Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar sem mun starfa undir



Vigdís Finnbogadóttir ávarpar viðstadda við fyrstu skóflustungur að nýbyggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Vigdísarstofnunar - alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar. Henni til vinstri handar er Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra og til hægri handar, Kristín Ingólfssdóttir rektor.





merkjum UNESCO og er fyrsta tungumálamiðstöð sinnar tegundar í heiminum sem hlýtur slíkan sess. Í byggingunni verður einnig aðstaða til kennslu og rannsókna í þeim erlendu tungumálum sem kennd eru við Háskóla Íslands og þekkingarmiðstöð þar sem leikir og lærðir geta fræðst um erlend tungumál og menningu á lifandi og skapandi hátt.

Auður Hauksdóttir ávarpar gesti við athöfnina 8. mars. Auður Hauksdóttir og Vigdís Finnbogadóttir á góðum degi.

Stolt og þakklæti var efst í huga þeirra Vigdísar, Illuga og Kristínar að loknum skóflustungunum og öll létu þau í ljós ósk um að hin nýja tungumálamiðstöð ætti eftir að efla skilning á milli ólíkra menningarheima og auka áhuga á tungumálum og tungumálanámi.

Áætlaður kostnaður við bygginguna er 1,6 milljarður króna. Framkvæmdir við hús Stofnunar Vigdísar eru í höndum byggingarfélagsins Eyktar sem átti lægsta tilboð í verkið í útboði sem fram fór í lok árs 2014.



Starfsfólk og velunnarar við athöfn í Háskólatorgi að loknum skóflustungum.

---

# ÞJÓÐIN SEM VALDI VIGDÍSI - 35 ÁR FRÁ SÖGULEGU FORSETAKJÖRI

---

Í tilefni þess að 35 ár voru liðin frá sögulegu kjöri Vigdísar Finnbogadóttur í embætti forseta Íslands efndi Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskóli Íslands í samvinnu við Alþingi, ríkisstjórn Íslands, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, Skógræktarfélag Íslands, Samtök atvinnulífsins og tugi stofnana og félagsamtaka til hátíðardagskrár við Arnarhól sunnudaginn 28. júní kl. 19.40-21.10. Mikill fjöldi fólks kom saman við Arnarhól og fagnaði heillaríku forsetakjöri og heiðraði Vigdís á merkum tímamótum. Dagskránni var sjónvarpað beint á RÚV og var henni ætlað að höfða til alls almennings, ekki síst ungs fólks. Listrænn stjórnandi var Kolbrún Halldórsdóttir og stjórnandi útsendingar sjónvarps Egill Eðvarðsson.

Dagskráin hófst með ávarpi Einars K. Guðfinnssonar, forseta Alþingis. Félagar úr bláasarveitinni Wonderbrass léku, Edda Þórarinsdóttir og Felix Bergsson fluttu brot úr sápuóperunni *Leitin að Jörundi* í tónlistarstjórn Karls Olgeirssonar og Hjörleifur Hjartarson kynnti brot úr *Sögu þjóðar*. Færeyska söngkonan Eivør Pálsdóttir og dönsku og sænsku óperusöngvararnir Palle Knudsen og Ylva Kihlberg fluttu kveðjur frá frændþjóðum með söng sínum. Hljómsveitirnar Baggalútur og Samaris léku og sungu og ungt tónskáld, Már Gunnarsson, flutti frumsamið lag til Vigdísar. Sviðshöfundar og leikarar frá Listaháskóla Íslands og Stúdentaléikhúsinu vörpuðu með sínum hætti ljósi á viðtekin viðhorf í þjóðfélaginu og hvernig framboð Vigdísar og forsetakjör breytti hugsunarhætti fólks. Rithöfundarnir Kristín Helga Gunnarsdóttir og Jón Kalman Stefánsson fluttu enn fremur tveggja manna tal. Í lok dagskrár ávarpaði Vigdís Finnbogadóttir hátíðargesti.

Ríkisstjórn Íslands og Reykjavíkurborg voru aðalstyrktaraðilar ásamt Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskóla Íslands, en aðrir meginstyrktaraðilar voru Landsbankinn, Eimskip, Verslunarfélag Reykjavíkur (VR), Icelandair Group, Norræna húsið og Þórshöfn í Færeyjum. Meðal annara styrktaraðila voru Morgunblaðið, Framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna og Listaháskóli Íslands.



Vigdís Finnbogadóttir ásamt fjölskyldu sinni, forseta Alþingis, Einari K. Guðfinnssyni, og Svanhildi Halldórsdóttur, sem var kosningastjóri Vigdísar, í fremstu röð.





Frá hátíðardagskrá í tilefni af 35 ára forsetakjörsafmæli Vigdísar Finnbogadóttur. Efst til vinstri: Vigdís Finnbogadóttir flytur ávarp. Efst til hægri: Eivør Pálsdóttir flytur kveðju Færeyinga. Fyrir miðju til vinstri: Baggalútur. Fyrir miðju til hægri: Vigdís Finnbogadóttir ásamt ungum leikurum. Neðst: Áhorfendur fylltu Arnarhól.

---

# RÁÐSTEFNUR

---



Frá ráðstefnu um Spánverjavígin 1615. Margrét Jónsdóttir Njarðvík fundarstjóri og Einar G. Pétursson, prófessor emeritus.

## Spánverjavígin 1615

Í tilefni þess að 400 ár voru liðin frá Spánverjavígum árið 1615 var haldin ráðstefna dagana 20. og 21. apríl í samstarfi Baskavinafélagsins á Íslandi, stjórnvalda í Gipuzkoa-héraði í Baskalandi, Etxepare Basque Institute, Center for Basque Studies við Háskólann í Nevada, Barandiaran Chair for Basque Studies við Kaliforníuháskólann í Santa Barbara, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Meðal fræðimanna sem héldu erindi var Viola Miglio, gestadósent við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og dósent í málvísindum í deild spænsku og portúgölsku við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara.

Ráðstefnan fór fram í fyrirlestrasal Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.



Vesturfarar.

## Vesturíslenskt mál og menning

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Málvísindastofnun Háskóla Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum efndu til ráðstefnu 2. desember um vesturíslenskt mál og menningu. Ráðstefnan var haldin í tengslum við rannsóknaverkefnið „Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfmynd“ sem hlaut styrk frá Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís). Lykilfyrirlesarar voru Angela Hoffman, prófessor við Uppsalaháskóla, og Karoline Kühl, lektor við Kaupmannahafnarháskóla.

Ráðstefnan var styrkt af Málvísindastofnun og Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar og fór fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands.



---

# MÁLÞING

---

## Málþing um tungumál og atvinnulíf

Í tilefni af alþjóðadegi kvenna, sunnudaginn 8. mars, stóð Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í samvinnu við Félag kvenna í atvinnulífínu (FKA) fyrir málþingi sem bar yfirskriftina „Tungumál og atvinnulíf“.

Fyrirlestra fluttu Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Danielle Pamela Neben, stjórnarmaður hjá Landsbankanum, Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu, og Hildur Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Global Product Management.

Málþingið fór fram í Hátíðasal Háskóla Íslands og var fjölsótt.

## Málþing og ljósmyndasýning um Rómamenningu í sögu og samtíð

Málþing var haldið og ljósmyndasýning um Rómamenningu í sögu og samtíð var opnuð miðvikudaginn 8. apríl, á alþjóðadegi Rómafólks. Að þinginu stóðu fræðasetrið Minority Studies Society Studii Romani við Háskólann í Sofíu í Búlgaríu og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, í samvinnu við MARK – miðstöð margbreytileika og kynjarannsókna við Háskóla Íslands.



Rómafólk.



Sofiya Zahova, Marco Solimene, nýdoktor við Háskóla Íslands, og Gro-Tove Sandsmark.

Málþingið er liður í *campUSCulturae*-samstarfsneti sex evrópskra háskóla um fjölyngi og fjölmenningu sem bæði fræðasetrið Minority Studies Society Studii Romani og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur taka þátt í. Viðfangsefni samstarfsnetsins eru barnabókmenntir og menning barna, ásamt varðveislu menningar minnihlutahópa sem margir hverjir tala tungumál sem eiga í vök að verjast.

Aðalfyrirlesarar voru Elena Maryshakova, prófessor í þjóðfræði og formaður Studii Romani við Háskólann í Sofíu í Búlgaríu, og Vesselin Popov, prófessor í þjóðfræði við sömu stofnun og varaformaður Studii Romani, en auk þeirra flutti Sofiya Zahova, lektor við búlgörsku vísindaakademíuna, erindi um sögu Rómamenningar í Evrópu.

Að málþingi loknu var ljósmyndasýning opnuð í sýningarými Háskólatorgs þar sem búlgarski sagnfræðingurinn Mirella Decheva flutti stutt ávarp um sýningar í söfnum í Evrópu sem fjalla um Rómafólk. Einnig greindi Gro-Tove Sandsmark, sendikennari í norsku og fulltrúi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í *campUSCulturae*-samstarfsnetinu, frá alþjóðlegri ráðstefnu *campUSCulturae* um barnabókmenntir og menningu minnihlutahópa sem haldin var við Háskóla Íslands í apríl 2013.

Málþingið og ljósmyndasýningin, sem stóð til 15. maí, voru styrkt af Menningaráætlun Evrópusambandsins.

## Málþingið „Danir á Íslandi“

Í tilefni af útkomu bókarinnar *Gullfoss. Mødet mellem dansk og islandsk kultur i 1900-tallet* var efnt til málþings 24. september þar sem fjallað var um rannsóknina *Á mótum danskrar og íslenskrar menningar – Danir á Íslandi 1900-1970*.

Dagskrá:

- *Gullfoss. Mødet mellem dansk og islandsk kultur i 1900-tallet*. Tveir af þremur ritstjórum bókarinnar, þau Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, og Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði, skýrðu frá tilurð hennar og efni.
- Íris Ellenberger sagnfræðingur: „„Og upp kom ég með hatt og hanska.“ Dönsk tilvera á Íslandi um miðja 20. öld.“
- Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor: „Frá jóskri sveit á Sólvallagötuna. Minningabrot um frú Ellen Björnsson.“
- Björg Sørensen listakona: „Danirnir á Selfossi.“

Fundarstjóri var Sigurður Pétursson, lektor emeritus.

Málþingið, sem fór fram fyrir fullu húsi í fyrirlestrasal Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, var skipulagt í samvinnu við sendiráð Dana á Íslandi sem einnig styrkti viðburðinn.



Frá málþinginu „Danir á Íslandi“. Neðst til vinstri: Guðmundur Jónsson og Auður Hauksdóttir fóru fyrir rannsóknaverkefninu og Íris Ellenberger (lengst til hægri) tók þátt. Neðst til hægri: Auður Hauksdóttir.



Aðstandendur og málflytjendur á málþingi um Ísland og ítalska kortagerð.

## Vika ítalskrar tungu og menningar: Málþing um Ísland og ítalska kortagerð

Málþingið „Ísland og ítölsk kortagerð. Frá elstu kortum af Íslandi til nútíma kortagerðar Ítala“ var haldið fimmtudaginn 15. október í tilefni af viku ítalskrar tungu og menningar. Fyrir málþinginu stóðu námsleið í ítölsku við Háskóla Íslands, ítalska sendiráðið og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, í samvinnu við Ítalska félagið á Íslandi og rafræna tímaritið *Nordicum-Mediterraneum. Icelandic e-journal of Nordic and Mediterranean studies*.

Fjallað var um elstu kort af Íslandi í vísindum, listum og stjórnmálum, kortagerð sem orsök alþjóðlegra deilna, ítalska kortagerð í dag og afleiðingar ferðalags Zeno-bræðranna frá Feneyjum á 14. öld á kortagerð Norður-Atlantshafssvæðisins.

Frummælendur voru Maurizio Tani, kennari í ítalskri listasögu við Háskóla Íslands, Giorgio Novello, sendiherra Ítalíu og sérfræðingur í lagalegri hlið kortagerðar, Stefano Ramacciotti, frá vatnamælingastofnun ítalska sjóhersins, og Marina Boffelli, sjálfstætt starfandi fræðimaður. Maurizio Tani og Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku, skipulögðu viðburðinn.

Málþingið fór fram í Lögbergi og var styrkt af sendiráði Ítala í Osló.



---

# ALDARAFMÆLIS DÖNSKUKENNSLU VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS MINNST

---

Upphaf dönskukennslu við Háskóla Íslands má rekja til háskólaársins 1915-1916, þegar Holger Wiehe dósent kom til landsins og kenndi danska tungu og bókmenntasögu við skólann. Ekki var um sjálfstæða námsleið að ræða, heldur eins konar viðbót við nám í íslensku. Þess má geta að Holger Wiehe stóð einnig fyrir kennslu í sænskri málfræði. Holger Wiehe var fyrstur margra sendikennara í dönsku, sem hingað hafa komið á vegum danskra stjórnvalda. Að lokinni nokkurra ára dvöl hér á landi vann hann að gerð íslensk-danskrar orðabókar sem kennd hefur verið við Sigfús Blöndal og var öflugur liðsmaður í Dansk-Íslensk Samfund.



Með styrk frá dönskum stjórnvöldum hóf Holger Wiehe kennslu við Háskólann haustið 1915. Hér er hann ásamt fjölskyldu sinni.

Mynd: Þjóðminjasafnið.

Í tilefni þess að árið 2015 voru 100 ár liðin frá því að dönskukennsla hófst við Háskóla Íslands, flutti Bertel Haarder menningarmálaráðherra Danmerkur hátíðarfyrirlestur við Háskóla Íslands og efnt var til málþings um samskiptasögu Íslands og Danmerkur. Fyrirlestur Bertels Haarder bar yfirskriftina „Sprog og kultur skal binde os sammen - før, nu og i fremtiden“ og fór fram í Odda þann 27. október.



Frá fyrirlestri ráðherrans. Standandi, frá vinstri: Þórhildur Oddsdóttir, aðjunkt í dönsku, aðstoðarmaður ráðherra, Gísli Magnússon, lektor í dönskum bókmenntum, Geir Sigurðsson deildarforseti, Ástráður Eysteinnsson sviðsforseti, Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, Jón Atli Benediktsson rektor, Bertel Haarder, menningarmálaráðherra Danmerkur, Vigdís Finnbogadóttir, Mette Kjuel Nielsen, sendiherra Danmerkur á Íslandi, Susanne Antoinette Elgum, aðjunkt í dönsku, og Pernille Folkmann, lektor í dönsku máli. Sitjandi, frá vinstri: Mikkel Harder, forstjóri Norræna hússins, og aðstoðarmaður ráðherra.





Hinn 14. nóvember stóð Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í samvinnu við Sagnfræðistofnun og sendiráð Dana á Íslandi að málþingi um samskiptasögu Danmerkur og Íslands. Fjallað var um nýjar rannsóknir á dagbókum Kristjáns X, síðasta konungs Íslands, og hvað fram í þeim kemur um viðhorf hans til Íslands og Íslendinga. Þá var gerð grein fyrir rannsóknum á viðhorfi Íslendinga til danskrar tungu á örlagatímum í samskiptasögu landanna.

Frá málþingi sem haldið var í tilefni af 100 ára afmæli dönskukennslu við Háskóla Íslands: Bo Lidegaard, ritstjóri *Politiken*, og Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku.

Frummælendur voru Borgþór Kjærnested, sjálfstæður fræðimaður, sem flutti fyrirlesturinn: „Hvad skrev Christian X om Island i sine dagbøger?“ Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, fjallaði um sjálfstæðisbaráttuna og viðhorf Íslendinga til danskrar tungu og Bo Lidegaard, ritstjóri *Politiken*, flutti fyrirlesturinn „Christian X og spørgsmålet om Islands selvstændighed.“

Málþingið fór fram í Hátíðasal Háskóla Íslands og var fjölsótt.



Borgþór Kjærnested, sjálfstæður fræðimaður.

Mikkel Harder, forstjóri Norræna hússins, og Mette Kjuel Nielsen, sendiherra Danmerkur á Íslandi.

Gestir á málþinginu.



Margrét Hjartardóttir frönskukennari.



Afhending Evrópumerkisins.



Brynhildur Ásgeirsdóttir.

## Evrópski tungumáladagurinn

Á Evrópska tungumáladeginum þann 26. september, efndi SVF, í samvinnu við STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi og mennta- og menningarmálaráðuneytið, til málþings undir yfyrskriftinni „Tungumálakennsla á tímamótum“, í ljósi styttingar framhaldsskólanna.

Frummælendur voru:

- Sigrún Ólafsdóttir verkefnisstjóri, Rannsóknamiðstöð Íslands: „Nordplus tungumálaáætlunin.“
- Brynhildur Ásgeirsdóttir, formaður Linguae – Félags tungumálanema við Háskóla Íslands, flutti ávarp.
- Alma Ágústsdóttir, enskunemi við Háskóla Íslands: „Enskukunnátta.“
- Lárus H. Bjarnason, rektor Menntaskólans við Hamrahlíð: „Af sjónarhóli skólastjórnenda.“
- Margrét Helga Hjartardóttir, frönskukennari í Kvennaskólann í Reykjavík: „Staða erlendra tungumála í Kvennaskólanum eftir styttingu náms til stúdentsprófs.“
- Anna Margrét Bjarnadóttir, dönskukennari og fagstjóri í Víðistaðaskóla: „Viðhorf gagnvart tungumálakennslu.“

Vigdís Finnbogadóttir, velgjörðarsendiherra tungumála hjá UNESCO, setti málþingið en fundarstjórn annaðist Petrína Rós Karlsdóttir, formaður STÍL.

Við þetta tækifæri var Evrópumerkið, viðurkenning framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir nýbreytni í tungumálanámi og tungumálakennslu, afhent. Viðurkenninguna hlaut verkefnið „Velkomin. Úrræði fyrir móttöku og samskipti“ frá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða í verkefnastjórn Huldu Karenar Daníelsdóttur og Þorbjargar Þorsteinsdóttur. Í niðurstöðu dómnefndar segir að um sé að ræða metnaðarfullt og fjölbætt verkefni sem hafi það meginmarkmið að auðvelda aðlögun og samskipti við nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og foreldra þeirra hvar á landinu sem þau búa, bjóða þau þannig velkomin og styðja markvisst við félagslega aðild þeirra að samfélaginu.

Ásta Magnúsdóttir, ráðuneytisstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, afhenti Evrópumerkið auk verðlauna að upphæð 300.000 kr.

Málþingið fór fram í Öskju og var styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

---

# FYRIRLESTRAR Á VEGUM SVF

---

## Vormisseri

Tiffany Ayalik listakona: „Inuit storytelling and languages in Northern Canada.“ Fyrirlesturinn var haldinn í samstarfi við sendiráð Kanada á Íslandi. Lögberg, 2. mars.

Jóhanna Barðdal, prófessor í norrænum málvísindum við Háskólann í Gent og gestaprófessor við SVF: „Hvað er frumlag?“ Árnagarður, 5. mars.

Carrie Ankerstein, dósent í ensku við Saarland-háskóla í Þýskalandi: „Can a Non-Native Speaker Ever Understand a Language as Well as a Native Speaker?“ Askja, 10. mars.

Alejandro Riberi, lektor í spænsku við Háskólann í Hull í Bretlandi: „Literature in the Rio de la Plata: Borges, Cortázar and Being-in-the-World Through the Fantastic.“ Árnagarður, 26. mars.

Mathilde Walter Clark rithöfundur: „Hvordan skriver man sig frem til virkeligheden?“ Gimli, 27. mars.

María Valentina Noblía, frá Háskólanum í Buenos Aires: „Las redes sociales. Textos digitales, escritura e interacción social en los nuevos medios.“ Lögberg, 30. apríl.

Juan Pablo Mora, dósent við Háskólann í Sevilla: „Flipped Learning as an Effective Methodology to Teach Introduction to Linguistic to Large Groups of Students.“ Aðalbygging, 9. júní.



Hólmfríður Garðarsdóttir, Ásrún Jóhannsdóttir og Carrie Ankerstein.



Alejandro Riberi.

## Haustmisseri

Victoria Carillo, prófessor við Háskólann í Extremadura á Spáni: „Samskiptahættir innan spænskra fyrirtækja“ og Juan Luis Tato Jiménez, prófessor við Háskólann í Extremadura á Spáni: „Samþætting einkalífs og opinbers lífs frá spænsku sjónarhorni.“ Gimli, 13. ágúst.


Hartmut Lutz, prófessor emeritus í enskum bókmenntum við Greifswald-háskóla í Þýskalandi: „They Talk, We Listen! Indigenous Knowledges and Western Academia.“ Oddi, 21. ágúst.

Anna Björk Einarsdóttir, doktorsnemi við Kaliforníuháskóla í Davis: „Fagurfræði öreigabókmennta Norður- og Suður-Ameríku.“ Háskólatorg, 28. ágúst.

Ilona Fried, prófessor í ítölsku við ELTE-háskóla í Búdapest: „Theatre and Politics in Fascist Italy – Rome 1934.“ Fyrirlestrasalur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, 31. ágúst.



Hólmfríður Garðarsdóttir og Anna Björk Einarsdóttir.



Ilona Fried.

## Samstarf við Bókmenntahátíð í Reykjavík

Alþjóðlega bókmenntahátíðin í Reykjavík fór fram dagana 9.-12. september og sem endranær átti SVF gott samstarf við forsvarsmenn hátíðarinnar. Sameiginlega stóðu þessir aðilar að tveimur viðburðum:



Ana María Shua.

### Örsögur Önu Maríu Shua

Ana María Shua rithöfundur hélt fyrirlestur um örsögur sínar föstudaginn 11. september. Kristín Guðrún Jónsdóttir, lektor í spænskum bókmenntum, kynnti höfundinn og verk hennar. Kristín hefur þýtt örsögur Önu Maríu Shua og gjörþekkir því verk hennar. Viðburðurinn fór fram í Norræna húsinu.

### Skáldsögur Helle Helle




Helle Helle.

Danski rithöfundurinn Helle Helle kom til fundar við dönskunema í Háskóla Íslands föstudaginn 11. september, þar sem tækifæri gafst til að ræða við höfundinn um verk hennar. Gísli Magnússon, lektor í dönskum samtímabókmenntum, annaðist undirbúning og skipulagningu viðburðarins.

---

## ÚTGÁFA FRÆÐIRITA

---



Vefsíða Milli mála,  
[www.millimala.hi.is/](http://www.millimala.hi.is/)

### *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu / Milli mála – Journal of Language and Culture*

Sjöunda tölublað *Milli mála – Tímarits um tungumál og menningu*, kom út á árinu í opnum aðgangi á <http://millimala.hi.is/> Á sama vefsvæði má nálgast fyrri tölublöð tímaritsins á rafrænu formi.

Ritstjórar voru Ásdís R. Magnúsdóttir og Þórhallur Eypórsson.

Í tímaritinu *Milli mála* eru birtar ritrýndar fræðigreinar á íslensku, dönsku, norsku, sænsku, ensku, frönsku, spænsku og þýsku á sviði erlendra tungumála, bókmennta, þýðinga, málvísinda og menntunarfræði en einnig eru þar birtar þýðingar, viðtöl, ritdómar og bókakynningar.



*Milli mála* 2015.

Í hefti ársins 2015 eru 12 fræðigreinar eftir innlenda og erlenda fræðimenn á ensku, frönsku, ítölsku og spænsku um erlend tungumál og menningu. Í tímaritinu er að finna áhugavert viðtal François Heenen við frönsku málvísindakonuna Henriette Walter, sem hefur gefið út fjölda fræðirita og hefur verið SVF til ráðuneytis í tengslum við alþjóðlegu tungumálamiðstöðina. Auk greina eftir starfsmenn SVF, þau François Heenen, Ingibjörgu Ágústsdóttur og Stefano Rosatti, er þar að finna íslenska þýðingu Ásdísar R. Magnúsdóttur á miðaldaljóðinu *Sögunni um Renart* eftir óþekktan höfund og þýðingu Rebekku Þráinsdóttur á smásögunni *Bernska. Hjá ömmu* eftir Isaak Babel. Sjá nánar um efni tímaritsins á [www.millimala.hi.is/](http://www.millimala.hi.is/)



## *An Intimacy of Words / Innileiki orðanna. Essays in Honour of Pétur Knútsson / Festschrift til heiðurs Pétri Knútssyni*

Pétur Knútsson lét af störfum sínum sem dósent í enskum málvísindum við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda í Háskóla Íslands haustið 2012 eftir 34 ára starf. Við starfslok Péturs Knútssonar stóð Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Málvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir útgáfu greinasafns um efni sem hafa verið Pétri hugleikin. Með útgáfunni vildi samstarfsfólkið heiðra Pétur fyrir störf hans og þakka honum frábæra samvinnu í áratugi.



*Intimacy of Words / Innileiki orðanna.*



Matthew Whelpton og Pétur Knútsson.

Ritstjórar voru Matthew Whelpton, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir og Martin Regal, sem einnig rituðu inngang. Eftirfarandi starfsmenn SVF rituðu greinar í bókina auk 8 annarra fræðimanna: Auður Hauksdóttir, Ásdís R. Magnúsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ingibjörg Ágústsdóttir, Júlían Meldon D'Arcy, Martin Regal og Þórhallur Eypórsson.

Bókin kom út hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskólaútgáfunni, með liðsinni Málvísindastofnunar. Ritið er 354 bls. að lengd.

Í tilefni af útgáfu greinasafnsins bauð SVF til útgáfuhófs fimmtudaginn 18. nóvember í Hannesarholti fyrir fullu húsi. Matthew Whelpton, dósent í enskum málvísindum, opnaði dagskrána fyrir hönd ritstjóra og flutti ávarp. Aðrir sem fluttu erindi Pétri til heiðurs voru Júlían Meldon D'Arcy, prófessor í enskum bókmenntum, og Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum. Hannesarholt styrkti þennan viðburð.




Júlían Meldon D'Arcy flytur ávarp.



Birna Arnbjörnsdóttir flytur ávarp.

# Fræðirit starfsmanna SVF gefin út hjá öðrum forlögum


## *Gullfoss. Mødet mellem dansk og islandsk kultur i 1900-tallet*



Greinasafnið *Gullfoss. Mødet mellem dansk og islandsk kultur i 1900-tallet* kom út í maí hjá forlaginu Vandkunsten í Danmörku í ritstjórn Auðar Hauksdóttur, prófessors í dönsku, Eriks Skyum-Nielsen, lektors í bókmenntum við Kaupmannahafnarháskóla, og Guðmundar Jónssonar, prófessors í sagnfræði.

Í bókinni eru níu greinar eftir sjö höfunda: Auði Hauksdóttur, Christinu Folke Ax, Guðmund Jónsson, Írisi Ellenberger, Erik Skyum-Nielsen, Sigurð Pétursson og Þóru Björk Hjartardóttur. Formála að bókinni rituðu Vigdís Finnbogadóttir og Jørn Lund, en auk þess er ítarlegur yfirlitskafla um rannsóknir á samskiptasögu landanna. Ritið byggist á afrakstri rannsóknarinnar „Á mótum danskrar og íslenskrar menningar. Danir á Íslandi 1900-1970“, sem var samstarfsverkefni Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Institut for Nordiske Studier og Sprogvidenskab við Kaupmannahafnarháskóla og ritstjórnarnir fóru fyrir.


Bókin er 456 bls. að lengd og prýdd fjölda mynda. Bókin hefur hlotið afar jákvæðar undirtektir í dönskum fjölmiðlum.



## *Confucian Propriety and Ritual Learning. A Philosophical Interpretation*

Rit Geirs Sigurðssonar dósent, *Confucian Propriety and Ritual Learning. A Philosophical Interpretation*, kom út á árinu hjá State University of New York Press. Bókin er 186 bls. að lengd.

## Ásdís R. Magnúsdóttir tilnefnd til íslensku þýðingarverðlaunanna



Þriðjudaginn 1. desember var tilkynnt við hátíðlega athöfn á Kjarvalsstöðum um tilnefningar til íslensku þýðingarverðlaunanna og íslensku bókmenntaverðlaunanna 2015. Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, var tilnefnd til íslensku þýðingarverðlaunanna af Bandalagi þýðenda og túlka fyrir þýðingu sína á ljóðrænum ritgerðum franska rithöfundarins og heimspekingsins Alberts Camus í bókinni *Rangan og réttan – Brúðkaup – Sumar. Þrjú ritgerðasöfn*. Bókin var gefin út hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfunni í ritstjórn Rebekku Þráinsdóttur.

Ásdís er reyndur þýðandi og fræðimaður. Hún ritstýrði þýðingum á smásögum kanadísku skáldkonunnar Lise Tremblay, en smásagnasafnið *Hegravarpíð* kom út hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur árið 2007. Þá þýddi hún skáldsöguna *Útlendingurinn* eftir Albert Camus, sem út kom í tvímála útgáfu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur árið 2008, og miðaldaskáldsöguna *Perceval eða Sagan um gralinn* eftir Chrétien de Troyes, sem Hið íslenska bókmenntafélag gaf út árið 2010.

Einnig hefur Ásdís þýtt íslenskar þjóðsögur, ævintýri, fornaldarsögur, riddarasögur og þætti á frönsku. Hún þýddi fjórar fornaldarsögur sem gefnar voru út árið 2002 hjá ELLUG,

forlagi Stendhal-háskóla í Grenoble, undir heitinu *Quatre sagas légendaires d'Islande*. Einnig þýddi hún, ásamt Jean Renaud, úrval sagna úr safni Jóns Árnasonar sem út kom hjá José Corti árið 2003 undir heitinu *La géante dans la barque de pierre et autres contes d'Islande*. Þá þýddi hún, ásamt Héléne Tétrel, riddarasögur og þætti sem út komu árið 2011 hjá Presses de l'Université de la Bretagne Occidentale undir heitinu *Les Sagas de chevaliers*. *Ála flekks saga*, *Saga af Tristram ok Ísodd*, *Samsons saga fagra*, *Vilmundar saga viðutan*.

Útgáfa ritgerðarsafnsins *Rangan og réttan – Brúðkaup – Sumar* var styrkt af Miðstöð íslenskra bókmennta og Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar.

---

## ALPJÓÐLEG SAMSTARFSNET OG ÞRÓUNARVERKEFNI

---

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og margir starfsmenn hennar taka þátt í alþjóðlegum rannsóknanetum og þróunarverkefnum sem njóta oft styrkja frá erlendum rannsóknasjóðum. Slík verkefni eru mikilvæg fyrir stofnunina þar sem þau efla alþjóðlegt rannsóknasamstarf og nýsköpun, auk þess sem þau stuðla að miðlun þekkingar milli landa. Stofnunin var í forsvari fyrir eitt slíkt net og átti aðild að stjórn tveggja alþjóðlegra neta.

### *campUSCulturae*

Stofnunin hefur tekið þátt í evrópska samstarfsnetinu *campUSCulturae* um fjölyngi og fjölmenningu. Þar er fengist við rannsóknir á barnabókmenntum og barnamenningu, ásamt varðveislu menningar minnihlutahópa sem margir hverjir tala tungumál sem eiga í vök að verjast. Aðilar í samstarfsnetinu, sem styrkt er af menningaráætlun Evrópusambandsins, eru Minority Studies Society Studii Romani í Búlgaríu, CHE Consult GmbH í Þýskalandi, Háskólinn í Lodz í Póllandi, og portúgölsk félagasamtök í menningar- og menntamálum sem nefnast Ponte... nas ondas! Umsjón með verkefninu er í höndum Háskólans í Santiago de Compostela á Spáni. Fulltrúi SVF í samstarfsnetinu var Gro-Tove Sandmark, sendikennari í norsku.

### Alþjóðlegt rannsóknanet um erfðarmál

Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, situr í stjórn alþjóðlegs tengslanets fræðimanna sem stunda rannsóknir á upprunatungumálum innflytjenda og afkomenda þeirra. Aðrir í forsvari fyrir rannsóknanetið eru Janne Bondi Johannessen, prófessor við Háskólann í Osló, Michael Putnam, lektor við Penn State University í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, og Joseph Salmons, prófessor við University of Wisconsin í Madison í Bandaríkjunum.

### Vefnámskeiðin *Icelandic Online*

Vefnámskeiðin *Icelandic Online* eru ætluð eru fyrir nemendur í íslensku sem öðru máli. *Icelandic Online* er samstarfsverkefni námsleiðarinnar Íslenska sem annað mál,

Hugvísindastofnunar, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Stofnunar Árna Magnússonar, Björgvinjarháskóla og Háskóla Íslands. Olga Holownia, Daisy L. Neijmann og Jón Karl Helgason eru ritstjórar efnisins, auk þess sem Mark Berge hefur haft umsjón með tæknilegum þáttum þess. Verkefnisstjóri *Icelandic Online* er Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum.

Ríkisútvarpið, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og fjöldi höfunda hafa lagt þessu verkefni lið en það hefur einnig notið fjárhagsstuðnings frá Nordplus Sprog-áætluninni og Kennslumálasjóði Háskóla Íslands.

## LEXIA - Rafræn orðabók milli íslensku og frönsku

Á undanförunum árum hefur Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur beitt sér fyrir því að hafin verði vinna við gerð nýrrar íslensk-franskrar orðabókar og þannig bætt úr brýnni þörf, en íslensk-frönsk orðabók kom síðast út árið 1950. Mál þetta á sér nokkurn aðdraganda, sem rekja má til samkomulags um menningar- og vísindasamvinnu milli Íslands og Frakklands sem undirritað var í París 12. apríl 1983 í kjölfar fundar Vigdísar Finnbogadóttur og François Mitterrand, þáverandi forseta Íslands og Frakklands. Í fyrstu grein samkomulagsins er gert ráð fyrir að samningsaðilar hafi „nána samvinnu um að efla þekkingu hvor á annars tungu og menningu í landi sínu“. Í kjölfarið var gefin út hjá Erni og Örlygi árið 1995 *Frönsk-íslensk orðabók* þar sem frönsk stjórnvöld lögðu til orðagrunn orðabókarinnar *Micro Robert* og íslensk stjórnvöld stóðu straum af kostnaði við samanburðarvinnuna á milli frönsku og íslensku. Mikið hefur áunnist í þessu máli og nú fer að hilla undir að ný íslensk-frönsk orðabók líti dagsins ljós.

Frá afhendingu Erasmus + styrks fyrir samstarfsverkefni á háskólastigi, í Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) þann 31. ágúst.



Í maímánuði hlaut Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur 40.000 evra styrk frá stjórnvöldum í Frakklandi til gerðar rafrænnar orðabókar milli íslensku og frönsku, en Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra hafði átt fund með stjórnvöldum um málið á ferð sinni til Frakklands í lok árs 2014. Það var Délégation générale de la langue française et des langues de France og Le Centre National du Livre sem veittu styrkinn í sameiningu. Fyrri stofnunin heyrir undir franska menningarmálaráðuneytið og hefur til umsjónar franska tungu og þau tungumál sem töluð eru í Frakklandi og sú síðari er miðstöð franskra bókmennta. Upphæð styrksins er 120.000 evrur.

Þá hlaut Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og samstarfshópur um íslensk-franska orðabók við Háskóla Íslands Erasmus+ styrk fyrir samstarfsverkefni á háskólastigi. Auk SVF eru aðilar að samstarfsverkefninu Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Université Paris-Sorbonne IV í Frakklandi og Gautaborgarháskóli í Svíþjóð.



Fulltrúar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í verkefninu eru Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, Rósa Elín Davíðsdóttir, doktorsnemi í orðfræði við námsleið í frönskum fræðum og Sorbonne-háskóla, Erla Erlendsdóttir, dósent í spænsku, og Oddný G. Sverrisdóttir, prófessor í þýsku. Fulltrúar Stofnunar Árna Magnússonar eru Halldóra Jónsdóttir, verkefnisstjóri ISLEX, og Þórdís Úlfarsdóttir, aðalritstjóri og kerfisstjóri ISLEX. Fulltrúi Sorbonne-háskóla er Karl Gadellii, prófessor í málvísindum við deild norrænna tungumála og menningar, en fulltrúi Gautaborgarháskóla er Anna Helga Hannesdóttir, lektor í sænsku, sem gegna mun sérstöku ráðgjafarhlutverki í verkefninu. Styrkurinn nemur 152.000 evra og er veittur til þriggja ára. Honum er ætlað að standa straum af kostnaði við fundi samstarfsaðila, og mæta hluta launakostnaðar við orðabókarvinnuna. Loks er honum ætlað að byggja upp námskeið á meistarastigi um orðabókarfræði við Háskóla Íslands og norrænudeild Sorbonne-háskóla í París. Veg og vanda af umsókninni um Erasmus+ styrkinn hafði Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjóri SVF, og er hún jafnframt verkefnisstjóri þessa hluta orðabókarverkefnisins.



François Hollande Frakklandsforseti og Rósa Elín Davíðsdóttir, doktorsnemi í orðfræði, í Höfða 16. október.

Í tilefni af opinberri heimsókn François Hollande Frakklandsforseta til Íslands föstudaginn 16. október hét Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra því að leggja fram mótframlag frá íslenskum stjórnvöldum til að fjármagna orðabókarverkefnið að fullu. Áætlað er að ljúka verkefninu á þremur árum.

Verkefnisstjórn hefur verið skipuð og vinna við orðabókina hófst á haustdögum. Verkefnisstjóri franska hluta orðabókarinnar er Rósa Elín Davíðsdóttir, doktorsnemi í orðfræði, og þýðandi er Jean-Christophe Salaün auk þess sem François Heenen, aðjunkt í frönsku, og Hallfríður Helgadóttir, aðjunkt í íslensku við Gautaborgarháskóla, munu koma að verkefninu. Ásdís R. Magnúsdóttir prófessor hefur umsjón með franska hluta verkefnisins. Verkefnisstjórn og umsjón með íslenska hluta verkefnisins er í höndum Halldóru Jónsdóttur, verkefnisstjóra ISLEX, og Þórdísar Úlfarsdóttur, aðalritstjóra og kerfisstjóra ISLEX. Sem fyrr segir er verkstjórn með Erasmus+ verkefninu í höndum Guðrún Kristinsdóttur, en fyrsti vinnufundur netsins var haldinn í Reykjavík 8. og 9. október.



Frá vinstri: Halldóra Jónsdóttir, verkefnisstjóri ISLEX, Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, Þórdís Úlfarsdóttir, aðalritstjóri ISLEX, Karl Gadellii, prófessor í málvísindum, Rósa Elín Davíðsdóttir, doktorsnemi í orðfræði og verkefnisstjóri íslensk-franskrar orðabókar, Jean-Christophe Salaün þýðandi, Anna Helga Hannesdóttir, lektor í sænsku við Gautaborgarháskóla, Magnús Sigurðsson, aðjunkt í þýsku, Erla Erlendsdóttir, dósent í spænsku, og Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjóri SVF.

## Tal hjálp til dönskukennslu



Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, fer fyrir norrænum rannsóknarhópi sem vinnur að þróun talhjálpar sem er ætlað að auðvelda Færeyingum, Grænlandingum og Íslendingum að læra danskt talmál og tjá sig á dönsku. Markmiðið er að skoða hvaða þættir dansks talmáls valda erfiðleikum og hvernig hægt er að mæta ólíkum þörfum í tengslum við tileinkun talmáls og þá einkum framburðar á dönsku (sjá [www.taleboblen.hi.is](http://www.taleboblen.hi.is)). Aðrir þátttakendur í rannsóknar- og þróunarverkefninu eru Peter Juel Henriksen, dósent í tölvumálvísindum við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, Katti Frederiksen, fræðimaður við Málráð Grænlands, og Jónhard Mikkelsen, lektor við Fróðskaparsetur Færeyja, auk Guðrúnar Haraldsdóttur, arkitekts og BA í dönsku, og Önnu Margrétar Bjarnadóttur, cand.mag. og cand.pæd. í dönsku. Einnig hafa tölvufræðinemarnir Tumi Snær Gíslason og Gezim Haziri tekið þátt í verkefninu ásamt fimm dönskukennurum í grunn- og framhaldsskólum á Grænlandi, Íslandi og í Færeyjum og nemendum þeirra. Verkefnið er styrkt af Nordplus Sprog og Kultur-áætluninni og Norræna menningarsjóðnum.

---

## AÐRIR VIÐBURÐIR

---

### Japanshátíð

Námsleið í japönskum fræðum stóð að árlegri Japanshátíð í samvinnu við sendiráð Japans á Íslandi. Japanshátíðin fór fram á Háskólatorgi laugardaginn 31. janúar. Þar bauðst gestum að kynna japanskri menningu frá ólíkum hliðum, syngja karaoke, hlýða á japanska popptónlist og taka þátt í tölvuleikjum. Sýndar voru japanskar bardagalistir og blómagerðarlist og spiluð lifandi tónlist. Mikið fjölmenni sótti hátíðina eins og fyrri ár.



Frá Japanshátíð á Háskólatorgi.

## Café Lingua

Sem fyrri ár átti Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur ásamt námsleið í íslensku sem erlendu máli, Íslenskuborpinu og Norræna húsinu, í samstarfi við Café Lingua – lífandi tungumál sem er tungumálavettvangur á vegum Borgarbókasafns Reykjavíkur. Norræn Café Lingua voru haldin tvisvar í Norræna húsinu í samvinnu við norræna lektora við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda við Háskóla Íslands og „Stefnumót tungumála“ fór tvisvar fram í Stúdentakjallaranum.

## Norrænt Café Lingua Heimur sagnanna

Á norrænu Café Lingua fimmtudaginn 19. mars var fjallað um Íslendingasögurnar sem út komu árið 2014 í nýjum þýðingum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Við þetta tækifæri fjallaði Jón Karl Helgason, prófessor í íslensku sem öðru máli, um áhrif Íslendingasagnanna á norska leikskáldið Henrik Ibsen í upphafi rithöfundarferils hans. Þá sögðu þrír þýðendur sagnanna, Gro-Tove Sandmark, sendikennari í norsku, Gísli Magnússon, lektor í dönsku, og Mikael Males, nýdoktor í norrænum fræðum við Háskólann í Osló, frá reynslu sinni af þýðingunum. Þau ræddu um hvernig farið er að því að færa sögurnar á norrænar tungur nútímans og upplýstu hver var stefna ritstjórnanna í hverju landi.

## Félagssálfræðilegt spjall um Línu langsokk

Á norrænu Café Lingua fimmtudaginn 26. nóvember var 70 ára afmæli sænsku söguhetjunnar Línu langsokks minnst. Bengt Starrin, prófessor emeritus við Karlstad-háskóla, flutti „skemmti-fyrirlestur“ fyrir fullorðna á sænsku um mannleg samskipti út frá lífssýn Línu langsokks og var yfirskriftin „Til hamingju Lína langsokkur. Félagssálfræðilegt spjall um eina ástkæra sem orðin er sjötug“. Viðburðurinn var styrktur af sendiráði Svía á Íslandi.



Þýðendur í pallborði, frá vinstri: Gísli Magnússon, Gro-Tove Sandmark og Mikael Males. Fundarstjóri var Pernille Folkmann, lektor í dönsku máli.



## Stefnumót tungumála – *Date a Language*

Stefnumót tungumála og tungumálanemenda eða *Date a Language* var haldið í Stúdentakjallaranum fimmtudagana 5. mars og 8. október í samvinnu við nemendur við námsleið í íslensku sem öðru máli og nemendur við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.



Frá tungumálastefnumótum Café Lingua.

---

# KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS

---

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós hóf á árinu sitt áttunda starfsár. Stofnunin er kínversk menningarstofnun sem rekin er í samstarfi Háskóla Íslands og Ningbo-háskóla og nýtur stuðnings Hanban-stofnunarinnar sem heyrir undir kínverska menntamálaráðuneytið.

Í stjórn Konfúsíusarstofnunar, sem starfar innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, sátu Xu Tiefeng, aðstoðarrekktor Ningbo-háskóla, formaður, Chen Yujuan, forstöðukona alþjóðaskrifstofu Ningbo-háskóla, Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, og Magnús Björnsson, sem jafnframt gegndi stöðu forstöðumanns stofnunarinnar. Ekki hefur enn verið ákveðið hver mun taka sæti Ingjalds Hannibalssonar í stjórn, en hann féll frá árið 2014. Á árinu störfuðu við stofnunina sendikennararnir Jia Yucheng, Liu Kailiang, Wang Xia og Fei Jie. Aðrir starfsmenn, auk forstöðumanns, voru þau Stefán Ólafsson viðburðastjóri og Þorgerður Anna Björnsdóttir verkefnastjóri.



Deng Hong og Chen Shasha frá tónlistarakademiunni í Peking héldu tónleika þar sem þær spiluðu á forn kínversk hljóðfæri.

## Kennsla

Meginhlutverk stofnunarinnar er að styðja við kennslu í námsleið í kínverskum fræðum við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda. Stofnunin vinnur auk þess að því að koma á kínverskukennslu í íslensku samfélagi, m.a. í samstarfi við grunn- og framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Á síðasta ári varð sprenging hvað varðar fjölda nemenda í grunnskólum sem nýttu sér kínverskukennslu á vegum stofnunarinnar. Eins hefur stofnunin stutt við kennslu í kínversku í tólmstundaskólum þótt það sé heldur á undanhaldi.

## Menningarviðburðir

Viðburðir sem Konfúsíusarstofnunin stóð fyrir á árinu voru fjölmargir. Stofnunin hélt sína hefðbundnu nýárshátíð í febrúar í tengslum við kínverska nýárið. Hátíðin tókst vel í alla staði og var sem fyrr fjölsótt.

Dagur Konfúsíusarstofnunarinnar var haldinn hátíðlegur í september í Háskólabíói. Þar komu fram góðir gestir frá Shaolin-klaustrinu í Henan-héraði í Kína sem stóðu fyrir kínverskri kongfu-sýningu. Fjöldi manns sótti sýninguna og var gerður góður rómur að henni og fékk hún töluverða fjölmiðlaathygli.

Á vordögum stóð stofnunin fyrir tónleikum þar sem spilað var á hin ævafornu kínversku hljóðfæri qin og xiao. Hljóðfæraleikararnir Deng Hong og Chen Shasha frá tónlistarakadémíunni í Peking sáu um tónlistarflutninginn og sænski kínafræðingurinn Cecilia Lindqvist kynnti sögu hljóðfæranna og tónlistina sem boðið var upp á. Tónlistarkonurnar héldu tvenna tónleika, í Iðnó og í Hofi á Akureyri.

## Málþing og fyrirlestrar

Málþingið „What Can be Learned from Chinese Philosophy“ var haldið þann 4. september í samstarfi við Heimspekistofnun. Þátttakendur á málþinginu voru Torbjorn Lodén, prófessor emeritus við Stokkhólmsháskóla, Karl-Heinz Pohl, prófessor emeritus við Trier-háskóla í Þýskalandi, Jyrki Kallio, fræðimaður við The Finnish Institute of International Affairs, Bent Nielsen, lektor við Kaupmannahafnarháskóla, og Yi Chen frá Toronto-háskóla í Kanada, auk Geirs Sigurðssonar, dósents í kínverskum fræðum.

Fyrirlestrar um ýmis efni tengd Kína og kínverskri menningu og samfélagi voru haldnir á árinu á vegum stofnunarinnar. Meðal þeirra má telja fyrirlestur Kenneths Cohen um temningu Kínverja, fyrirlestur danska fræðimannsins Peters Harmsen um Kína og heimsstýrjöldina síðari, sem haldinn var í tilefni þess að þjóðir heims minntust þess að 70 ár voru liðin frá lokum heimstyrjaldarinnar síðari, og fyrirlestur Mathieus Torck, lektors við Háskólann í Gent í Belgíu, um skyrbjúg og kínverska sæfara til forna.



---

# VIGDÍSARSTOFNUN – ALÞJÓÐLEG MIÐSTÖÐ TUNGUMÁLA OG MENNINGAR

---

## Stjórn

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur undirbýr nú starfsemi alþjóðlegrar tungumálamiðstöðvar sem mun starfa undir merkjum UNESCO – Menningar-, mennta- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Sex manna stjórn hafði verið skipuð yfir tungumálamiðstöðina í samræmi við samning milli íslenskra stjórnvalda og UNESCO Menningar-, mennta- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna sem á tvo fulltrúa í stjórninni. Aðrir í stjórn eru fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis og þrír fulltrúar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Stjórnina skipa Alfredo Perez de Armiñán, aðstoðarframkvæmdastjóri UNESCO fyrir menningarmál, tilnefndur af UNESCO, Eiríkur Smári Sigurðarson, rannsóknastjóri við Hugvísindasvið Háskóla Íslands, tilnefndur af íslensku UNESCO-nefndinni, Guðrún Kvaran, prófessor emerita í íslensku, tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðherra og af hálfu SVF sitja í stjórninni þau Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, formaður, Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku máli og bókmenntum, og Þórhallur Eyþórsson, prófessor í málvísindum við námsleið í ensku.



Meðlimir í stjórn Vigdísarstofnunar - alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar, frá vinstri: Auður Hauksdóttir, formaður, Eiríkur Smári Sigurðarson, Þórhallur Eyþórsson, Ásdís R. Magnúsdóttir og Guðrún Kvaran.

Fyrsti fundur í stjórn Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar fór fram fimmtudaginn 10. september í gegnum Skype. Rochelle Roca-Hachem sérfræðingur sat fjarskiptafundinn úr höfuðstöðvum UNESCO í París fyrir hönd Alfredo Perez de Armiñán aðstoðarframkvæmdastjóra. Á fundinum var tekin ákvörðun um að fyrstu árin í starfsemi Vigdísarstofnunar yrðu helguð tungumálum og menningu á Vestur-Norðurlöndum, annars vegar rannsóknum á tungumálum og menningu og hins vegar þekkingarmiðlun.



Rochelle Roca-Hachem, sérfræðingur hjá UNESCO, sat fjarskiptafundinn fyrir hönd aðstoðarframkvæmdastjóra UNESCO fyrir menningarmál.

## Nýbygging rís

Vigdísarstofnun verður til húsa í nýbyggingu sem nú er verið að reisa við Suðurgötu, næst gömlu Loftskýtastöðinni, en eins og áður segir voru fyrstu skóflustungurnar teknar hinn 8. mars, sjá bls. 6. Í miðstöðinni verður m.a. starfrækt þekkingarsetur þar sem hægt verður að fræðast um erlend tungumál og fá innsýn í ólíka menningarheima og ýmis málefni er snerta samskipti Íslands við umheiminn. Í byggingunni verður aðstaða til sýninga-, ráðstefnu- og fyrirlestrahalds og þar mun einnig fara fram öll kennsla og rannsóknir í erlendum tungumálum og menningu þeim tengdum.

Byggingarnefnd, sem háskólaráð skipaði í apríl 2011, vann allt árið að undirbúningi byggingarframkvæmda í samvinnu við arkitekta sem urðu hlutskarpastir í hönnunarsamkeppni um bygginguna. Formaður byggingarnefndar er Eiríkur Hilmarsson, lektor í viðskiptafræði, en auk hans eiga sæti í nefndinni Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri framkvæmda- og tæknisviðs Háskólans, Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur og Ásdís Guðrún Sigmundsdóttir doktorsnemi. Með nefndinni starfa Halldóra Vífilsdóttir, aðstoðarforstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins, og Sigurlaug I. Lövdahl, skrifstofustjóri framkvæmda- og tæknisviðs Háskólans.



Nýbyggingin í sólmyrkva föstudaginn 20. mars.

## MARKMIÐ OG HLUTVERK VIGDÍSARSTOFNUNAR

Skv. samningi sem gerður var við UNESCO í júní 2013 eru markmið og hlutverk Vigdísarstofnunar sem hér segir:

- a. stuðla að fjöltyngi til að auka skilning, samskipti og virðingu milli menningarheima og þjóða;
- b. auka vitund um mikilvægi tungumála sem grunnþátt í menningararfleifð mannkyns;
- c. leggja sitt af mörkum til varðveislu tungumála;
- d. sinna hlutverki miðlunarstöðvar á sviði fjöltyngis og fjölbreytni tungumála fyrir ákvarðandi aðila, sérfræðinga og almenning;
- e. stuðla að þýðingum og þýðingafræðum með það fyrir augum að auka ánægju af menningarlegri fjölbreytni og þvermenningarlegum skilningi;
- f. leggja sitt af mörkum til vöktunar á framkvæmd málstefnu og málstýringar á sviði móðurmála með fjöltyngi að leiðarljósi;
- g. stuðla að rannsóknum og menntun á erlendum tungumálum og menningu;
- h. styðja og stuðla að rannsóknum á móðurmálum sem hluta af almennum mannréttindum;
- i. stuðla að athugunum, greiningum og tölfræðisamantektum á þýðingafleði.

Þar segir enn fremur að hlutverk Vigdísarstofnunar séu að:

- j. vinna að og hvetja til varðveislu tungumála með því að viðhalda og styðja stafræn gagnasöfn fyrir tungumál heims;
- k. styðja lífgun tungumála og skapa „tungumálasafn“ – sambland af raunverulegu safni og sýndarveruleikasafni með sýningum sem hægt verður að njóta á staðnum og á Netinu;
- l. stuðla að og miðla rannsóknum um tungumál og menningu sem þætti í menningararfleifð mannkyns með því að styðja rannsóknarstöður fyrir framúrskarandi fræðimenn, einnig frá þróunarlöndum;
- m. þjóða upp á vettvang og aðstöðu fyrir doktorsnema og fræðimenn erlendis frá, einkum frá þróunarlöndum;
- n. hugsa upp og miðla um allan heim áætlunum og aðferðum til að styðja tungumál í útrýmingarhættu og þjóðtungur með rannsóknaverkefnum, ráðstefnum og útgáfu;
- o. styðja framúrskarandi rannsóknir á sviði málstefnu og málpólitíkur;
- p. útvega aðstöðu og sérfræðipækkingu fyrir rannsóknaverkefni og miðla niðurstöðum með sérstöku tilliti til markmiða Vigdísarstofnunar;
- q. sýna hvernig viðhorf til móðurmálsins og skýr málstefna geti aukið læsi og menntun fyrir tilstilli rannsóknaverkefna og miðlunar þekkingar;
- r. þróa alþjóðlegan umræðuvettvang;
- s. vinna með öllum viðeigandi UNESCO-verkefnum, einkum á sviði vöktunar á þýðingafleði, eins og *Index Translationum* (Alþjóðlegu þýðingaskrárinnar).

## Fundur með alþjóðlegri ráðgjafanefnd

Á undanförunum árum hafa fjórir alþjóðlega viðurkenndir fræðimenn verið Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur til ráðgjafar um uppbyggingu alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar, en þeir eru : Anju Saxena, prófessor í málvísindum við Uppsalaháskóla, Peter Austin, prófessor í málvísindum við SOAS Lundúnaháskóla, Bernard Comrie, prófessor í málvísindum við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara, og Jens Allwood, prófessor í málvísindum við Gautaborgarháskóla. Kostnaður við starfsemi ráðgjafanefndarinnar hefur verið greiddur með styrk frá Riksbankens Jubileumsfond – hátíðarsjóði sænska seðlabankans. Með tilkomu frekari styrks frá sjóðnum í lok árs 2014 var áframhaldandi starfsemi ráðgjafanefndarinnar tryggð, og jafnframt var mögulegt að kalla eftir liðsinni fleiri fræðimanna. Í ljósi þessa var leitað til Lars Borin, prófessors í málvísindum við Gautaborgarháskóla og forstöðumanns Språkbanken, og Anne Holmen, prófessors við Kaupmannahafnarháskóla og forstöðumanns Center for Internationalisering og Parallelsproglighed (CIP). Einnig var Henriette Walter, prófessor emeritu í málvísindum við Université de Haute-Bretagne og forstöðukonu rannsóknarstofu í hljóðfræði við l'École pratique des hautes études (Sorbonne), boðið að taka þátt í fundi nefndarinnar, en koma hennar var skipulögð í samvinnu við sendiráð Frakklands á Íslandi.

Dagana 11. og 12. september voru haldnir fundir í Háskóla Íslands með alþjóðlegu ráðgjafanefndinni, stjórn Vigdísarstofnunar og starfsfólki SVF. Þar voru rædd framtíðaráform um rannsóknir í Vigdísarstofnun og myndun alþjóðlegra samstarfsneta um viðamiklar rannsóknir á þeim sviðum sem starfsemi stofnunarinnar nær yfir. Sérstaklega var fjallað um þau tækifæru sem felast í ákvörðun stjórnar Vigdísarstofnunar um að leggja áherslu á tungumál og menningu á Vestur-Norðurlöndum á fyrstu starfsárum Vigdísarstofnunar.

Jón Atli Benediktsson rektor setti fundina og Vigdís Finnbogadóttir, velgjörðarsendiherra UNESCO fyrir tungumál og fv. forseti Íslands, og Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, fluttu ávörp. Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, kynnti þátttakendur og gerði grein fyrir þeirri ákvörðun stjórnar Vigdísarstofnunar að leggja áherslu á tungumál og menningu á Vestur-Norðurlöndum og þeim rannsóknarmöguleikum sem í því felast. Eiríkur Smári Sigurðarson, rannsóknastjóri Hugvísindasviðs og stjórnarmaður í Vigdísarstofnun, fjallaði um hlutverk ráðgjafanefndarinnar í tengslum við rannsóknastefnu Vigdísarstofnunar.



Vigdís Finnbogadóttir og starfsmenn SVF ásamt alþjóðlegri ráðgjafanefnd.



Þórhallur Eypórsson, prófessor í málvísindum við námsleið í ensku, og Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, fjölluðu um rannsóknartækifæri í málvísindum. Þá fjölluðu Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, prófessor í enskum bókmenntum, Gunnella Þorgeirsdóttir, lektor í japönsku, Þórhildur Oddsdóttir, aðjunkt í dönsku, og Jón Ólafsson, prófessor í rússnesku og menningarfræðum, um mögulega vaxtarsprotu í Ameríkufræðum, Asíufræðum, Norðurlandafræðum og Evrópufræðum. Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingarfræðum, reifaði hugmyndir um rannsóknir í þýðingarfræðum. Að lokum fór Eiríkur Smári Sigurðarson rannsóknastjóri yfir styrkmöguleika og sjóði. Fundarstjóri var Eiríkur Smári Sigurðarson.

## Kynningarferð til Bandaríkjanna

Vigdís Finnbogadóttur og Auði Hauksdóttur var boðið að vera viðstaddar samkomu þjóðræknisfélagsins Hekla Club í Minnesota í Bandaríkjunum sem fram fór þann 16. maí, en við það tækifæri var fagnað 90 ára afmælis félagsins í Minnesota. Samkoman var haldin í tengslum við ráðstefnu Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi (The Icelandic National League of North America) sem fram fór dagana 14.-17. maí. Vigdís Finnbogadóttir ávarpaði samkomuna og Auður Hauksdóttir kynnti Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og greindi frá áformum um að koma á fót alþjóðlegri tungumálamiðstöð við Háskóla Íslands.



Vigdís  
Finnbogadóttir  
ávarpar ráðstefnu  
Þjóðræknisfélags  
Íslendinga í  
Vesturheimi.

Maggie Leshner,  
formaður  
þjóðræknisfélagsins  
Hekla Club í  
Minnesota.

Hinn 14. maí setti Vigdís Finnbogadóttur ráðstefnuna Changes and Challenges in Language Teacher Education: Ninth International Conference on Language Education, sem rannsóknastofnunin CARLA (The Center for Advanced Research on Language Acquisition) við Háskólann í Minnesota stóð fyrir. Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, og Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, héldu báðar fyrirlestra á ráðstefnunni þar sem þær fjölluðu um rannsóknir sínar.

## Málþing á vegum sendiráðs Íslands í Washington



Vigdís Finnbogadóttir setur málþingið „The Power of Languages“.

Hinn 18. maí frá kl. 14.00-16.00 efndi sendiráð Íslands í Washington til málþings í House of Sweden undir yfirskriftinni „The Power of Languages“, þar sem fjallað var um mikilvægi tungumálakunnáttu fyrir samskipti fólks af ólíku þjóðerni og til að byggja brýr á milli ólíkra menningarheima. Vigdís setti málþingið, en frummælendur voru Lourdes Ortega, prófessor við Georgetown University, Zain Habboo, framkvæmdastjóri hjá Sameinuðu þjóðunum, og Birna Arnbjörnsdóttur, prófessor í annarsmálsfræðum. Að loknum erindum þeirra stjórnaði Geir Haarde, sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, panelumræðum.



Birna Arnbjörnsdóttir, Lourdes Ortega og Vigdís Finnbogadóttir.

## Málþing um Sama á vegum norrænu sendiráðanna í Berlín



Málþingið „Sámi Contemporary: A Symposium about Minorities and Identities“ var haldið á vegum norrænu sendiráðanna í Berlín þriðjudaginn 22. september í samvinnu við rannsóknarteymi í Samafræðum við Háskólann í Freiburg. Fulltrúa frá SVF var boðið að kynna starfsemi stofnunarinnar á þessum vettvangi.

Guðrún Kristinsdóttir verkefnisstjóri kynnrí stofnunarinnar. Frá málþingi um málefni Sama.

Á málþinginu var fjallað um réttindi, menningu og sjálfsmynd Sama. Guðrún Kristinsdóttir verkefnisstjóri hélt erindi um SVF og Vigdísarstofnun og kynnti þá ákvörðun stjórnar Vigdísarstofnunar að leggja áherslu á tungumál og menningu á Vestur-Norðurlöndum á fyrstu starfsárum stofnunarinnar, en í því samhengi eiga Samafræði heima. Þátttakendur málþingsins sýndu Vigdísarstofnun og áformum hennar mikinn áhuga.

## Fundur í París um UNESCO-setur

Mánudaginn 14. desember voru Auður Hauksdóttir forstöðumaður og Guðrún Kristinsdóttir verkefnisstjóri viðstaddir fyrsta fund UNESCO-setra og -háskólastofnana í menningargeiranum um víða veröld. Fundurinn var haldinn í París til að deila reynslu af því að vinna með UNESCO, en í kjölfar minnkandi fjárframlaga hefur UNESCO reitt sig í æ ríkari mæli á samstarfsaðila sína til að framfylgja stefnu sinni í menningar- og menntamálum.

Í ferðinni gafst tækifæri til að funda með forsvarsmönnum European Language Resources Association (ELRA) um samstarfsmöguleika í tengslum við Vigdísarstofnun. Þá var haldinn fundur með Karli Gadelii og Sylvain Briens frá deild norrænna fræða við Sorbonne-háskóla um samstarfsverkefni í orðabókargerð og annar með verkefnisstjóra Evrópuverkefna í Sorbonne-háskóla.

## Aukin tengsl við Vesturheim

Mikill áhugi hefur verið hjá stofnuninni undanfarin ár að koma á rannsóknasamstarfi við háskóla í Bandaríkjunum og Kanada í tengslum við starfsemi alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar. Fyrir tilstilli rektors gafst tækifæri til að ráða Dr. Birnu Bjarnadóttur, fv. forstöðumann íslenskudeildar Manitoba-háskóla í hálfstarf til eins árs. Hún hóf störf við stofnunina 1. desember. Ekki þarf að tíunda því líkur akkur það er fyrir stofnunina að njóta reynslu hennar og þekkingar eftir 12 ára starf við háskóla í Vesturheimi.



Dr. Birna Bjarnadóttir.



---

# STYRKIR

---

## Styrkir frá íslenskum fyrirtækjum til undirbúnings Vigdísarstofnunar

Á árinu naut Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur styrks frá Arion banka að upphæð 2 milljónum króna, skv. samningi sem undirritaður var í lok árs 2012 og kvað á um 2 milljóna króna árlegan styrk í þrjú ár. Auk þess styrktu níu fyrirtæki stofnunina skv. samningi milli aðila sem undirritaðir voru 15. nóvember 2013 og giltu til þriggja ára. Íslandshótel hf., Landsbankinn hf., MP-banki hf., Promens hf. og fasteignafyrirtækið Reginn hf. styrktu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur með einnar milljón króna árlegu framlagi á árinu og Bláa lónið hf., Icelandair Group hf., Icelandic Group hf. og olíufélagið N1 hf. lögðu stofnuninni til hálfra milljóna króna styrk hvert. Á árinu námu styrkirnir alls 9 milljónum króna eða 27 milljón króna á þriggja ára samningstímanum. Samkvæmt samningunum skal fjármununum varið til að undirbúa starfsemi Vigdísarstofnunar – alþjóðlegar miðstöðvar um tungumál og menningu.

Auk framangreindra styrkja lagði Icelandair Group ehf. stofnuninni til sex flugmiða árið 2014 sem nýta má á tveggja ára tímabili til ferðalaga sem til falla vegna undirbúnings alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar.



Frá undirritun samninga árið 2012. Standandi, frá vinstri: Jón Atli Benediktsson aðstoðarrekktor, Björk Þórarinsdóttir, skrifstofu bankastjóra Arion-banka, Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslumála við Háskóla Íslands, Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, Ingibjörg Þórisdóttir, stjórnarmaður SVF, Hermann Þórisson, formaður stjórnar Promens, Ingólfur Einarsson, hóteltjóri frá Íslandshótelum, Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri N1, Magnea Guðmundsdóttir, kynningarstjóri Bláa lónsins, Magnús Bjarnason, forstjóri Icelandic Group, Hildur Þórisdóttir, mannauðsstjóri MP-banka, Sigurður Atli Jónsson, forstjóri MP-banka, Anna Sigríður Kristjánsdóttir, skrifstofu bankastjóra Arion-banka, Björgólfur Jóhannesson, forstjóri Icelandair Group, Ásdís R. Magnúsdóttir, stjórnarmaður SVF, Rebekka Þráinsdóttir, stjórnarmaður SVF, Hólmfríður Garðarsdóttir, forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Oddný G. Sverrisdóttir, varamaður í stjórn SVF, og Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjóri SVF.

Sitjandi, frá vinstri: Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, Kristín Ingólfssdóttir rektor og Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs.



Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þessara styrkja fyrir starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og þá sérstaklega fyrir undirbúning alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar. Einstakur liðsmaður SVF fyrr og síðar við fjáröflun og önnur brýn verkefni á hennar vegum hefur verið Ásmundur Stefánsson, fv. bankastjóri og stjórnarmaður í Styrktarsjóði SVF. Kann stofnunin honum miklar þakkir fyrir ómetanlegt framlag hans, sem og framangreindum styrktaraðilum fyrir öfluga liðveislu og árangursríkt samstarf. Framlög velunnara stofnunarinnar hafa skipt sköpum fyrir starfseminu í ár og undanfarin ár.

## Styrkir og gjafir frá einkaaðilum

### Styrkir til byggingar SVF

Sunna Furstenau í Dakota styrkti húsbyggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur með styrk að upphæð rúmum 632.000 krónur.

Þá styrkti Hekla Club í Minnesota húsbygginguna með styrk að upphæð rúmum 241.000 kr.

Íslensk-japanska félagið styrkti nýbyggingu SVF með 100.000 króna framlagi í tengslum við 85 ára afmæli Vigdísar Finnbogadóttur hinn 15. apríl. Í grein Stefáns Atla Thoroddsen, formanns félagsins, í Morgunblaðinu á afmælisdaginn stendur m.a.: „Í gegnum tíðina hefur Vigdís átt í góðu sambandi við Japani en landið hefur hún heimsótt margoft og komið á tengslum íslenskra og japanskra vísindamanna, listamanna og fólki sem vinnur við góðgerðamál“ ... „Í tilefni dagsins vill Íslensk-japanska félagið styrkja Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur með hundrað þúsunda króna styrk. Þetta er lítil þakklætisvottur frá félaginu með óskum um bætt skilyrði fyrir rannsóknir og kennslu í japönsku og japönskum fræðum í framtíðinni. Styrkurinn gæti vonandi hvatt fleiri til að styrkja stofnunina svo að þessi glæsilega nýbygging við Háskóla Íslands nýtist sem fyrst“.



Sunna Furstenau og eiginmaður hennar ásamt Vigdís Finnbogadóttur.

## Gjafir til Vigdísarstofnunar

### Dýrmætar bækur úr safni Bjarna Vilhjálmssonar fv. Þjóðskjalavarðar

Systkinin Elísabet, Kristín, Eiríkur og Vilhjálmur Bjarnabörn færðu í byrjun árs Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur bókagjöf úr safni föður síns, Bjarna Vilhjálmssonar, cand. mag., þjóðskjalavarðar. Um er að ræða dýrmætar orðabækur og önnur rit um danskt og íslenskt málfar sem eru kærkomin viðbót við bókakost Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Bækurnar munu nýtast til rannsókna og jafnframt sóma sér vel í alþjóðlegu tungumálamiðstöðinni.

Bækurnar sem um er að ræða eru eftirfarandi :



Bjarni Vilhjálmsson,  
cand.mag., fv.  
þjóðskjalavörður.

- Björn Halldórsson. (1814). *Lexicon islandico-latino-danicum*. Ritstj. R. K. Rask. Fyrri hefti. Kaupmannahöfn: Apud J. H. Schubothum, Aulae Regiae Bibliopolam. 488 bls.
- Björn Halldórsson. (1814). *Lexicon islandico-latino-danicum*. Ritstj. R. K. Rask. Síðara hefti. Kaupmannahöfn: Apud J. H. Schubothum, Aulae Regiae Bibliopolam. 520 bls.
- Gunnlaugur O. Oddsen. (1819). *Orðabók, sem inniheldr flest fágætt, framandi og vandskilinn ord, en verða fyrir í dönskum bókum*. Kaupmannahöfn: Þorsteinn E. Rangel. 184 bls.
- Jón Þorkelsson. (1876). *Supplement til islandske ordbøger*. Reykjavík: Einar Þórðarson. 639 bls.
- Konráð Gíslason. (1846). *Um frum-parta íslenzkrar túngu í fornöld*. Kaupmannahöfn: S. Trier. 242 bls.
- Konráð Gíslason. (1851). *Dönsk orðabók með íslenzkum þýðingum*. Kaupmannahöfn: Bianco Luno, hirðprentari. 596 bls.
- Magnús Jónsson. (1856). *Stuttur leiðarvísir fyrir alþýðu til þess að skrifa íslenzku rjett og greinilega*. Reykjavík: Prentsmiðja Íslands. 44 bls.
- Otto Jespersen. (1906). *Stutt ensk mállýsing*. Í íslenskri þýðingu Árna Þorvaldssonar og Böðvars Kristjánssonar. Reykjavík: Bókaverslun Guðmundar Gamalíelssonar. 91 bls.
- Rasmus Kristian Rask. (1811). *Vejledning til det islandske eller gamle nordiske sprog*. Kaupmannahöfn: Hofboghandler Schuboths Forlag. 286 bls.
- Thorleif T. Evanth. (1917). *Norsk og dansk handels-leksikon*. Kristiania: H. Aschehoug & co (W. Nygaard). 655 bls.
- *Orð eins og forðum*. (1985). Greinasafn til heiðurs Bjarna Vilhjálmsyni sjötugum.

## Íslensk-rússnesk orðabók úr safni Sigurðar S. Thoroddsen verkfræðings

Ásdís Thoroddsen, kvikmyndagerðarkona og framleiðandi, færði Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur að gjöf bókina *Íslensk-rússnesk orðabók* sem gefin var út árið 1962 af Ríkisútgáfu orðabóka yfir erlendar og innlendar tungur í Moskvu. Valerij P. Bérkov ritaði bókina með aðstoð Árna Böðvarssonar. Orðabókin er 1032 bls. Í bréfi til stofnunarinnar dagsettu 11. október segir Ásdís að bókina hafi átt faðir sinn, Sigurður S. Thoroddsen verkfræðingur, sem lærði dálitla rússnesku þegar hann var settur í viðskiptanefnd á vegum íslensku ríkisstjórnarinnar, líklega árið 1964. Einnig var hann sendur í kynnisferð til að skoða stórvirkjanir í Dnépr og fleiri fljótum. Sigurður hafði allar götur síðan mikið yndi af rússnesku og rússneskum kvikmyndum.



Íslensk-rússnesk orðabók.

## Bækur úr safni Sigfúsar Daðasonar skálds

Guðný Ýr Jónsdóttir, ekkja Sigfúsar Daðasonar skálds, færði Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur að gjöf heildarútgáfu La Pléiade-bókaflokks Gallimard-bókaútgáfunnar á heildarsafni Marcel Proust, *A la recherche du temps perdu*. Einnig færði hún stofnuninni að gjöf bókina *Poètes du XVIème siècle*, frá sömu bókaútgáfu. Þar er um að ræða safn franskra ljóða frá 16. öld.

Í bréfi Guðnýjar til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur segir m.a.: „...Sigfús hafði einlægán áhuga á frönskum bókmenntum, allt frá námsárunum í Frakklandi til hinsta dags. Í einni ferð okkar til Parísar keyptum við þessa frábæru útgáfu sem nú hefur fengið nýjan samastað við hæfi, 19 árum eftir andlát Sigfúsar...“



Guðný Ýr Jónsdóttir með bækur úr safni Sigfúsar Daðasonar.

## Heimildamynd um Vigdísi Finnbogadóttur

Kvikmyndagerðarmaðurinn Ragnar Halldórsson gaf Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur höfundarrétt og eignarrétt á heimildamyndinni *Ljós heimsins* frá árinu 2001 ásamt kvikmynduðu myndefni sem tekið var upp í tengslum við heimildamyndina. Ragnar kvikmyndaði myndina og var alfarið framleiðandi, leikstjóri og höfundur hennar.

Myndin er 70 mín. að lengd og naut á sínum tíma styrks frá Kvikmyndasjóði Íslands. Það var amma kvikmyndagerðarmannsins, Jóna Kjartansdóttir, sem færði stofnuninni myndefnið föstudaginn 20. nóvember, en Ragnar er búsettur í Danmörku. Heimildamyndin verður sett á stafrænt form og gerð aðgengileg til áhorfs á heimasíðu Vigdísar Finnbogadóttur, [www.vigdís.is/](http://www.vigdís.is/). Hún mun einnig koma sér vel við hönnun sýningar um Vigdís í alþjóðlegu tungumálamiðstöðinni sem nú er í byggingu við Suðurgötu.



Jóna Kjartansdóttir, amma Ragnars Halldórssonar.

## Glerlistaverk frá Japan – Iceland Association

Í tilefni af 25 ára afmæli Japan – Iceland Association færði félagið Vigdísarstofnun að gjöf glerlistaverk í tengslum við Hanami – japanska kirsuberjablómahátíð sem haldin var í Hljómskálagarðinum föstudaginn 15. maí.

Fulltrúar félagsins frá Japan ásamt fulltrúum japanska sendiráðsins á Íslandi færðu Vigdísarstofnun gjöfina. Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, og Gunnella Þorgeirsdóttir, aðjunkt í japönsku, veittu glerlistaverkinu viðtöku.

Stofnunin metur mikils vinarhug gefenda og er afar þakklát fyrir þessar góðu gjafir sem eiga eftir að sóma sér vel í Vigdísarstofnun.



Afhending glerlistaverks í bókastofu Aðalbyggingar Háskóla Íslands í tilefni af 25 ára afmæli Japan – Iceland Association.

## Þakkir

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttir kann Frú Vigdís Finnbogadóttur óendanlegar þakkir fyrir ómetanlegt framlag hennar og árangursríkt samstarf.



Dóra Ingvadóttir.

Dóra Ingvadóttir á miklar þakkir skildar fyrir mikilvægt vinnuframlag á árinu og dýrmæta liðveislu í áruna rás.

Stofnunin færir fráfarandi rektor, Kristínu Ingólfssdóttur og Jóni Atla Benediktssyni rektor sérstakar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og ómetanlegan stuðning á árinu. Jafnframt vill stofnunin þakka þeim Ástráði Eysteinessyni, forseta Hugvísindasviðs, Geir Sigurðssyni, forseta Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, ásamt Hólfríði Garðarsdóttur, fráfarandi deildarforseta, Margréti Guðmundsdóttur verk-efnisstjóra, Óskari Einarssyni rekstrarstjóra, Eiríki Smára Sigurðarsyni rannsóknastjóra og öðrum samstarfsmönnum á Hugvísindasviði, sem og Áslaugu J. Marínósdóttur, verk-efnisstjóra á skjalasafni HÍ, fyrir ánægjulega og árangursríka samvinnu, sem og öllum velunnurum fyrir beinan og óbeinan stuðning við starfsemi stofnunarinnar.



---

# STARFSFÓLK 2014

---

Aðild að Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum eiga 38 fræðimenn. Við Háskóla Íslands eru kennd 14 erlend tungumál og stunda fræðimenn við stofnunina rannsóknir og kennslu í þessum tungumálum og menningu þeirra.

*Starfsfólk stofnunarinnar eftir stafrófsröð:*

## AUÐUR HAUKSDÓTTIR

Prófessor í dönsku máli, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og formaður stjórnar Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar.

Auður lauk doktorsnámi frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1998, cand.mag.-prófi í dönsku frá sama skóla árið 1987 og BA-prófi í dönsku og heimspeki frá Háskóla Íslands árið 1977.

Rannsóknasvið Auðar er danskt mál, einkum danska sem erlent mál, samanburðarmálvísindi og dönsk menning og tunga á Íslandi í sögu og samtíð.

Auður hefur, ásamt Guðmundi Jónssyni prófessor í sagnfræði, farið fyrir teymi íslenskra og danskra fræðimanna sem hafa unnið að rannsókninni *Á mótum danskrar og íslenskrar menningar. Danir á Íslandi 1900-1970*, sem hlaut m.a. styrki frá Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og danska vísindaráðuneytinu. Greinasafn um niðurstöður rannsóknarinnar kom út í Danmörku sl. vor.

Þá hefur Auður unnið að samanburði á föstum orðatiltækjum í dönsku og íslensku, og þróað máltækið [www.frasar.net](http://www.frasar.net) í samvinnu við Guðrúnu Haraldsdóttur og sænska og danska fræðimenn. Hún leiðir nú tvö norræn rannsóknar- og þróunarverkefni, sem beinast að tileinkun Færeyinga, Grænlandinga og Íslendinga á dönsku. Annars vegar er um að ræða námsgagnið [www.taleboblen.hi.is](http://www.taleboblen.hi.is) til þjálfunar dansks talmáls, einkum framburðar og hins vegar gagnvirkan leik, *Talerum*, til dönskunáms. Veglegir styrkir hafa fengist til verkefnanna, þeir stærstu frá Nordplus Sprog, Nordisk Kulturfond, Augustinus Fonden og frá sjóði danska og íslenska menntamálaráðuneytisins til eflingar dönskukennslu.



## ÁSDÍS R. MAGNÚSDÓTTIR

prófessor í frönsku máli og bókmenntum.

Ásdís lauk doktorsnámi í frönskum bókmenntum frá Stendhal-háskólanum (Grenoble III) í Grenoble í Frakklandi árið 1997. Hún lauk DEA-prófi frá sama skóla árið 1993, meistaraprófi árið 1992 og licence-prófi árið 1991. Rannsóknir hennar eru einkum á sviði franska bókmennta: miðaldabókmennta, miðaldaskáldsögunnar, riddarasagna, þýðinga og smásagna.

Ásdís vinnur nú að íslenskri þýðingu á *Lancelot ou le Chevalier de la charrette* (*Lancelot eða kerruriddaranum*) eftir Chrétien de Troyes og ýmsum rannsóknum á sviði franska og íslenskra miðaldabókmennta, m.a. á miðaldapýðingum og útbreiðslu „efniviðarins frá Bretagne“ innan verkefnisins *La matière arthurienne aux XIVe-XVIe siècles en Europe*. Hún tekur einnig þátt í verkefninu *Raddir kvenna. Smásögur* og vinnur að gerð smásagnasafns með verkum eftir ýmsa franska kvenrithöfundu (Marie de France, Marguerite de Navarre, Madame de La Fayette, George Sand, Colette, Marguerite Yourcenar o.fl.).



## ÁSRÚN JÓHANNSDÓTTIR



aðjunkt í ensku.

Ásrún lauk MA-prófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 2009 með áherslu á kennslu og tileinkun orðaforða á öðru og erlendu máli, diplóma í kennslufræði árið 2008 og BA-prófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 2006. Hún er um þessar mundir að ljúka við doktorsrannsókn á viðhorfi ungra nemenda til ensku á Íslandi og tileinkun þeirra á orðaforða í ensku.

Rannsóknasvið Ásrúnar lúta að tileinkun orðaforða í öðrum og erlendum málum, annarsmálsfræðum, tvítyngi, rannsóknaraðferðum í tungumálakennslu og tileinkun tungumála.

Áður en Ásrún kom til starfa sem aðjunkt við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda árið 2013 hafði hún starfað sem stundakennari í ensku við deildina frá árinu 2008, þar sem hún kenndi meðal annars málnotkun, ritun og tileinkun orðaforða á ensku.

## ÁSTA INGIBJARTSDÓTTIR



aðjunkt í frönskum fræðum.

Ásta lauk meistaraþrófi í málvísindum með áherslu á kennslu frönsku sem erlends máls. Meistararitgerð hennar fjallar um stöðu nemandans í orðræðu kennslufræðinnar.

Rannsóknasvið hennar er þjálfun talaðs máls og notkun leiklistar í þeirri þjálfun.

## BIRNA ARNBJÖRNSDÓTTIR



prófessor í annarsmálsfræðum.

Birna lauk doktorsnámi í almennum málvísindum frá Texasháskóla í Austin í Bandaríkjunum árið 1990, meistaraþrófi frá Háskólanum í Reading í Englandi árið 1977 og BA-prófi frá Háskóla Íslands árið 1975.

Rannsóknir hennar eru á sviði hagnýtra málvísinda, m.a. máltileinkunar, íslensku sem annars máls, fjarkennslu tungumála og ensku sem samskiptamáls. Birna hefur verið verkefnisstjóri *Icelandic Online* frá upphafi og stýrt þróun *The English Game*. Síðastliðin ár hefur hún, í samvinnu við Hafðísi Ingvarsdóttur prófessor, unnið að rannsókn á stöðu ensku á Íslandi og er rannsóknin styrkt af Rannsóknamiðstöð Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

## ERLA ERLENDSDÓTTIR



dósent í spænsku.

Erla lauk doktorsnámi í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barcelona á Spáni árið 2003, meistaraþrófi frá sama háskóla 1999 og mag.art.-prófi í spænskum og norrænum fræðum frá Georg-August-háskólanum í Göttingen í Þýskalandi árið 1988. Hún stundaði nám í portúgölskum og brasilískum fræðum við Ludwig-Maximilian-háskólann í München og lauk þar ígildi BA-prófs árið 1993.

Helstu rannsóknasvið Erlu eru mál og menning spænskumælandi þjóða, félagsmálvísindi, orðfræði, orðsifjafræði, orðabókarfræði, bókmenntir Spánar og Kúbu, þýðingar, krónikur og skrif um landafundina.

Hún vinnur að bók um tökuorð úr tungumálum frumbyggja Suður- og Mið-Ameríku í spænsku og öðrum Evrópumálum. Þeirri vinnu tengist samevrópska rannsóknaverkefnið *Denominaciones de alimentos indoamericanos e hispanoamericanos en varias lenguas europeas*. Einnig er hún með í bígerð bók sem hefur að geyma smásögur spænskra kvenna á 20. og 21. öld (*Raddir frá*

*Spáni*), sem og fræðilega útgáfu á íslenskum þýðingum á spænskum krónikum og þáttum frá 17., 18. og 19. öld. Þá vinnur hún að rannsóknaverkefni *Tengsl Spána og Íslands í tímans rás*. Um þessar mundir er hún að endurbýða skáldsöguna *Nada* eftir spænska rithöfundinn Carmen Laforet.

### EYJÓLFUR MÁR SIGURÐSSON

deildarstjóri Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands.

Eyjólfur lauk meistaraþrófi í kennslufræði tungumála frá Sorbonne-háskóla í París (Paris III) í Frakklandi árið 1996. Í störfum sínum fyrir Tungumálamiðstöðina hefur Eyjólfur fyrst og fremst fengist við nemendastýrt tungumálanám, nemendasjálfræði og notkun upplýsingatækni við tungumálanám og kennslu.



### FEI JIE

sendikennari í kínversku á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Fei lauk MA-gráðu í breskum og bandarískum bókmenntum frá Kennaraháskóla Guizhou í Guizhou-héraði í Kína árið 2000. Hún gegnir stöðu dósents við deild erlendra tungumála og bókmennta í Kennaraháskóla Liupanshui í Kína. Fei kennir kínversku og kínverska málnotkun.



### FRANÇOIS HEENEN

aðjunkt í frönsku.

François lauk doktorsnámi í málvísindum með áherslu á indóevrópska samanburðarmálfræði frá Háskólanum í Vín í Austurríki árið 2002, MA-gráðu í frönskum fræðum frá Háskóla Íslands árið 2012 og BA-gráðu í almennum málvísindum frá Háskóla Íslands árið 1989.

Rannsóknasvið hans er samanburðarmálfræði með sérstakri áherslu á þróun indóíranskra mála, merkingarfræði og málnotkunarfræði.

Um þessar mundir er François að rannsaka hlutverk og merkingu ýmissa sagnmynda á frönsku, svo sem *imparfait* og *futur simple*.



### GEIR ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON

aðjunkt í grísku og latínu.

Geir lauk meistaraþrófi frá Princeton-háskóla í Bandaríkjunum í klassískum fræðum með áherslu á heimspeki fornaldar og klassískar bókmenntir og vinnur að doktorsritgerð við sama skóla. Hann lauk BA-gráðu í heimspeki, grísku og latínu frá Háskóla Íslands árið 2004.



### GÍSLI MAGNÚSSON

lektor í dönskum bókmenntum.

Gísli lauk doktorsnámi við RWTH Aachen-háskólann en varði doktorsritgerð sína um Rainer Maria Rilke við Háskólann í Hróarskeldu árið 2008. Gísli lauk meistaraþrófi í þýsku og tónlist frá Kaupmannahafnarháskóla árið 2000. Hann var nýdoktor við Árósháskóla 2010-2012.

Rannsóknasvið Gísla eru þýskar og danskar bókmenntir, þýsk-skandinavísk menningartengsl um 1900 og þverfagleg tengsl á milli bókmennta og andlegra strauma. Doktorsritgerð hans, *Dichtung als Erfahrungsmetaphysik. Esoterische und okkultistische Modernität bei Rainer Maria Rilke*, var gefin út árið 2009. Hann hefur þýtt úr íslensku yfir á dönsku, meðal annars skáldsögur Böðvars Guðmundssonar *Híþýli vindanna* og *Lífsins tré* og fimm Íslendingasögur: *Kjalnesinga*



sögu, Vopnfirðinga sögu, Reykdæla sögu og Víga-Skútu, Þorsteins sögu hvíta og Valla-Ljóts sögu. Gísli hefur einnig þýtt úr þýsku (David Safier) og ensku (Ken Wilber) yfir á dönsku. Nýjustu rannsóknir hans fjölluðu um svissneska höfundinn Pascal Mercier (Peter Bieri).

---

#### GRO TOVE SANDSMARK



sendikennari í norsku (til 1. júlí).

Gro-Tove lauk cand.philol.-prófi í norrænum fræðum frá Oslóarháskóla árið 1996 og B.Ph.Isl.-prófi frá Háskóla Íslands árið 1997. Hún hlaut árið 2011 „førstelektorkompetanse“ (dósentshæfi) við Háskólann í Þelamörk.

Rannsóknasvið hennar eru norskar og íslenskar bókmenntir, kynjafræði og þýðingar.

---

#### GUÐRÚN BJÖRK GUÐSTEINSDÓTTIR



prófessor í enskum bókmenntum.

Guðrún lauk doktorsnámi frá Alberta-háskóla í Kanada í breskum, bandarískum og kanadískum bókmenntum árið 1993, meistaraþrófi frá sama skóla árið 1985 og BA-prófi frá Háskóla Íslands árið 1982.

Rannsóknasvið hennar er sér í lagi rithefð Íslendinga og afkomenda þeirra í Norður-Ameríku, í samhengi við fjölmenningsbókmenntir, menningarstefnu og útgáfu. Guðrún leiðir nýtt alþjóðlegt meistaranám í Ameríkufræðum sem boðið er í samvinnu greinanna ensku, frönsku og spænsku við Háskóla Íslands.

---

#### GUÐRÚN HARALDSDÓTTIR



verkefnisstjóri við rannsóknir í dönsku við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.

Guðrún lauk cand.arch.-gráðu í almennri byggingarlist frá Arkitektskolen í Árósum í Danmörku árið 1994 og BA-prófi í dönsku frá Háskóla Íslands árið 2006.

Guðrún tekur þátt þróun tölvutækni sem ætluð er til kennslu vestnorrænna nemenda í dönsku. Hún hefur verið verkefnisstjóri við þróun máltækis sem notað er í dönskukennslu í íslenskum, grænenskum og færeyskum skólum og auðveldar nemendum að tjá sig á dönsku. Hún vinnur einnig við þýðingar í tengslum við samanburðarrannsókn á föstum orðatiltækjum í dönsku og íslensku og hönnun máltækisins [www.frasar.net](http://www.frasar.net) sem auðveldar Íslendingum að tjá sig munnlega og skriflega á dönsku. Guðrún hefur einnig tekið þátt í vinnu við rannsóknina *Á mótum danskrar og íslenskrar menningar. Danir á Íslandi 1900-1970*.

---

#### GUÐRÚN KRISTINSDÓTTIR



verkefnisstjóri Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Guðrún lauk MBA-gráðu við ESCP Europe viðskiptaháskólann í París árið 2003, BA-prófi í frönsku og almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands árið 1997 og leiklistarnámi í París árið 1994. Hún hefur m.a. starfað sem leiðsögumaður fyrir franska ferðamenn, kennari hjá Alliance française í Reykjavík, verið umsjónarmaður sendifulltrúa hjá Rauða krossi Íslands, svæðisstjóri í Frakklandi fyrir Ferðamálaráð Íslands, verkefnisstjóri á viðskiptaskrifstofu sendiráðs Íslands í París, aðstoðarmaður við rannsóknir í Harvard Business School Europe Research Center í París og aðstoðarmaður þingkonu í neðri deild franska þjóðþingsins.



## GUNNELLA ÞORGEIRSDÓTTIR

lektor í japönsku.

Gunnella lauk doktorsnámi í Austur-Asíufræðum frá Sheffield-háskóla í Englandi árið 2015 og meistaraþrófi í Þjóðfræði við sama skóla árið 2006.

Doktorsritgerð hennar fjallar um hjátrú og helgisiði tengda meðgöngu í japönsku samfélagi. Gunnella stundaði nám við Kokugakuin-háskóla í Tókýó á árunum 2006-2008 meðan á rannsókninni stóð.

Aðaláherslur í rannsóknum hennar eru japanskir þjóðhættir og hátíðir, þjóðfræði samtímans, flökkusagnir og kímniþáfa.



## HÓLMFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR

prófessor í spænsku og forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda (til 1. júlí).

Hólmfríður lauk doktorsnámi í bókmenntafræði og spænsku frá Texas-háskóla í Austin í Bandaríkjunum árið 2001, meistaraþrófi frá sama háskóla árið 1996, B.Ed.-prófi frá Háskóla Íslands árið 1993 og BA-gráðu í spænsku frá Háskóla Íslands árið 1988.

Rannsóknasvið Hólmfríðar eru á vettvangi bókmennta og kvikmynda Rómönsku Ameríku, með sérstakri áherslu á birtingar- og sjálfmyndir kvenna. Hólmfríður hefur á undanförunum árum lagt sérstaka áherslu á bókmenntir minnihlutahópa frá Karíbahafsstönd Mið-Ameríkulanda eins og Kosta Ríka, Panama, Níkaragva og Hondúras, og bókmenntir Rómönsku Ameríku með áherslu á samtímabókmenntir skrifaðar af konum og þá einkum bókmenntir argentínskra kvenna eftir 1990. Í seinni tíð hafa áherslur hennar auk þessa beinst að kvikmyndagerð í Rómönsku Ameríku samtímans. Hólmfríður hefur aukin heldur látið til sín taka sem þýðandi milli spænsku og íslensku, ekki hvað síst er lítur að ljóðagerð. Um þessar mundir vinnur Hólmfríður að útgáfu tvímála ljóðasafns Pablo Neruda (en áður hafa komið út í ritstjórn Hólmfríðar tvímála útgáfur á ljóðum eftir Federico García Lorca og Jorge Luis Borges). Hún vinnur einnig að útgáfu þýðinga á íslenskum smá- og örsögum í Argentínu, frágangi smásagnasafns frá löndum Mið-Ameríku og bók um málefni minnihlutahópa við Karíbahafsströnd Mið-Ameríkúríkja.



## INGIBJÖRG ÁGÚSTSDÓTTIR

dósent í breskum bókmenntum 19. og 20. aldar.

Ingibjörg lauk doktorsnámi í skoskum bókmenntum við Háskólann í Glasgow árið 2001. Hún lauk meistaraþrófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 1995 og BA-prófi í ensku frá sama skóla árið 1993.

Rannsóknasvið hennar eru breskar 19., 20. og 21. aldar bókmenntir, skoskar bókmenntir á 20. og 21. öld og sögulegar bókmenntir frá 19. öld fram til dagsins í dag.

Ingibjörg vinnur um þessar mundir að rannsóknum á eftirfarandi efni: Tudor-tímabilið í sögulegum skáldskap og viðhorf til þess meðal lesenda og rithöfundar; skoska sögulega skáldsagan og þjóðaratkvæðagreiðslan 2014; textatengsl skáldsögunnar *Náðarstund* eftir Hannah Kent við skáldsöguna *Alias Grace* eftir Margaret Atwood; norðrið í sögulegum skáldskap; meðferð á lífi jaðarsettra og ofsótttra kvenna fyrr á öldum í 21. aldar sögulegum skáldskap.

Ingibjörg var jafnframt ein af skipuleggjendum alþjóðlegru ráðstefnunnar „Representing the Tudors“ sem haldin var í Cardiff í Wales í júlí 2015.



## IRMA ERLINGSDÓTTIR



dósent í frönskum samtímabókmenntum.

Irma lauk doktorsnámi í frönskum samtímabókmenntum frá Sorbonne-háskóla í París árið 2012, DEA-prófi í samtímabókmenntum frá Vincennes-háskóla (Paris VIII) í Frakklandi árið 1995, meistaraþrófi í samtímabókmenntum frá Paul-Valéry háskóla í Montpellier í Frakklandi árið 1994, licence-prófi frá sama skóla árið 1993 og BA-gráðu í frönsku frá Háskóla Íslands árið 1992.

Rannsóknasvið Irmu eru franskar bókmenntir og heimspeki, menningarfræði, kynjafræði og samtímasaga. Irma hefur skrifað greinar, ritstýrt bókum og skipulagt ráðstefur og viðburði. Árið 2000 var hún ráðin forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og gegnir hún enn þeirri stöðu. Irma er enn fremur forstöðumaður EDDU – öndvegisseturs og Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST) við Háskóla Íslands.

## JESSICA GUSE



sendikennari í þýsku með áherslu á menningarmiðlun.

Jessica lauk MA-prófi í þýsku sem öðru máli og menningarmiðlun frá Freie Universität í Berlín árið 2011 og meistaraþrófi í þýskum bókmenntum, miðaldasögu og listasögu frá Technische Universität í Berlín árið 2009. Hún vinnur nú að doktorsritgerð um notkun ljóðaslammis í tungumálakennslu.

## JIA YUCHENG



sendikennari í kínversku á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Jia lauk MA-gráðu í þýðingafræði frá South Central University í Hunan-héraði í Kína árið 2002. Hann gegnir stöðu dósents við deild erlendra tungumála í Ningbo-háskóla í Kína. Jia kennir kínversku og kínverska málnotkun.

## JÓN ÓLAFSSON



prófessor í menningarfræði og rússnesku.

Jón lauk doktorsprófi í heimspeki við Columbia-háskóla í New York árið 2000. Hann lauk einnig gráðu (certificate) í Rússlandsfræðum við sama háskóla árið 1998, auk MA-prófs í heimspeki árið 1995 og M.Phil.-prófs árið 1996.

Helstu rannsóknasvið Jóns eru lýðræði og stjórnámamenning, pólitísk siðfræði og saga Sovétríkjanna.

Hann vinnur nú að greinum um þekkingarmiðað lýðræði, spillingu og rússneska stjórn málaorðræðu.

## JÚLÍAN MELDON D'ARCY



prófessor í enskum bókmenntum.

Júlían lauk doktorsnámi í skoskum bókmenntum frá Aberdeen-háskóla í Bretlandi árið 1991, meistaraþrófi frá Lancaster-háskóla árið 1971, B.Ed.-prófi frá St. Martin's College í Lancaster í Bretlandi 1972 og BA-gráðu í ensku máli og bókmenntum frá Lancaster-háskóla árið 1970.

Rannsóknasvið hans eru breskar og skoskar bókmenntir, sérstaklega skáldsagnagerð á 19. og 20. öld, og bandarískar og evrópskar íþróttabókmenntir. Um þessar mundir vinnur Júlían að nýrri bók um amerískan fótbolta í bandarískum bókmenntum, auk þess sem hann er að þýða ýmis verk eftir Þórberg Þórðarson.

## KRISTÍN GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

lektor í spænsku.

Kristín lauk doktorsnámi í rómönsk-amerískum fræðum frá Arizona State University 2004. Hún lauk meistaraþrófi í spænskum og rómönsk-amerískum bókmenntum frá Madrídardeild New York University í Madríd 1986 og BA-gráðu í spænsku frá Universidad del Sagrado Corazón í Púertó Ríkó árið 1983. Einnig stundaði hún nám í bókmenntum spænskumælandi landa við Universidad Nacional Autónoma í Mexíkóborg 1981-1982 og spænskum fræðum við Universidad Complutense í Madríd 1979-1981.

Rannsóknasvið hennar er bókmenntir og alþýðutrú á landamærum Mexíkós og Bandaríkjanna, alþýðudýrlingar Rómönsku Ameríku, smásögur og örsögur í Rómönsku Ameríku, bókmenntir á spænskumælandi eyjum í Karíbahafi og þýðingar.

Um þessar mundir vinnur Kristín að nokkrum þýðingaverkefnum: úrvalssafni örsagna frá Rómönsku Ameríku, safni mexíkóskra smásagna og úrvalsriti smásagna frá Rómönsku Ameríku. Einnig vinnur hún að rannsóknaverkefninu *Tengsl Íslands og Spánar í tímans rás*.



## LARS-GÖRAN JOHANSSON

sendikennari í sænsku.

Lars-Göran lauk fil.mag.-gráðu í norrænum tungumálum og bókmenntum frá Háskólanum í Uppsöllum árið 1974 ásamt kennslufræði frá Háskólanum í Linköping 1977.

Rannsóknasvið Lars-Görans eru sænskar samtímabókmenntir.



## LIU KAILIANG

sendikennari í kínversku á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Liu lauk MA-gráðu í almennum málvísindum frá South Central University í Hunan-héraði í Kína árið 2003. Hún gegnir stöðu lektors við deild erlendra tungumála í Ningbo-háskóla í Kína. Liu kennir kínversku og kínverska texta.



## MAGNÚS BJÖRNSSON

forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Magnús lauk meistaraþrófi í alþjóðastjórn málum frá Renmin-háskóla í Peking í Kína árið 2000 og BA-gráðu í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands árið 1997. Starfsvettvangur Magnúsar hefur að mestu verið á sviði kennslu og ferðaþjónustu ásamt túlkun og þýðingavinnu. Auk þess starfaði Magnús tímabundið í sendiráði Íslands í Peking og við heimssýninguna í Shanghai árið 2010.



## MAGNÚS FJALLDAL

prófessor í ensku († 4. nóvember).

Magnús lauk doktorsnámi í enskum bókmenntum og germönskum miðaldafræðum frá Harvard-háskóla árið 1985. Hann hafði áður lokið cand.mag.-prófi í ensku og BA-gráðu í ensku og íslensku frá Háskóla Íslands.

Rannsóknasvið Magnúsar voru enskar og íslenskar miðaldabókmenntir. Hann vann að þýðingu *Bjólfskviðu* er hann féll frá.



## MAGNÚS SIGURÐSSON



aðjunkt í þýsku.

Magnús lauk meistaraþrófi í þýsku sem erlendu máli frá Heidelberg-háskóla í Þýskalandi árið 1983. Rannsóknáhugi Magnúsar beinist að málnotkun Íslendinga sem læra þýsku, þýðingum og orðabókanotkun.

## MARTIN REGAL



dósent í ensku.

Martin lauk doktorsnámi í breskum og bandarískum leikbókmenntum frá Kaliforníuháskóla í Davis 1991.

Rannsóknir hans eru á aðallega á sviði aðlögunar- og kvikmyndafræði. Hann hefur einnig þýtt fjölmörg íslensk forn- og nútímabókmenntaverk, auk annarra verka.

Martin kenndi fyrst í Háskóla Íslands árið 1976 en hefur einnig kennt í Bandaríkjunum, við Stokkhólmsháskóla og Kungliga Tekniska Högskolan í Stokkhólmi.

## MICHELE BROCCIA



sendikennari í ítölsku (til 1. júlí).

Michele Broccia lauk meistaraþrófi í erlendum tungumálum og bókmenntum frá Háskólanum í Cagliari á Ítalíu árið 1990, meistaraþrófi í kennslutækni 2008 og meistaraþrófi í enskum nútíma- og samtímabókmenntum 2009 frá Telematica Guglielmo Marconi háskólanum í Róm.

Michele Broccia kennir ítölsku, málvísindi, kvikmyndafræði og ítalskar bókmenntir. Um þessar mundir vinnur hann að rannsókn á sardinískum samtímaskáldsögum, bæði á ítölsku og sardinísku.

## ODDNÝ G. SVERRISDÓTTIR



prófessor í þýsku.

Oddný lauk doktorsnámi í þýskum fræðum, málvísindum og norrænu árið 1987 frá Westfälische Wilhelms háskólanum í Münster í Westfalen í Þýskalandi. Áður hafði hún lokið BA-gráðu í þýsku og bókasafnsfræði, auk kennsluréttindanáms frá Háskóla Íslands árið 1980.

Rannsóknasvið hennar er innan samanburðarmálvísinda, einkum á sviði orðtakafræði, svo og þýska sem erlent tungumál á Íslandi og miðlun menningar í ferðapjónustu. Um þessar mundir vinnur Oddný að rannsókn á notkun orðtaka í þýskum og íslenskum textum og er rannsóknin byggð á rauntextum.

## PERNILLE FOLKMANN



lektor í dönsku máli.

Pernille lauk cand.mag.-gráðu í dönsku frá Kaupmannahafnarháskóla árið 2009.

Rannsóknasvið hennar eru norræn tjáskipti, norræn nútímamál, máltileinkun, málkennsla, málstefna og orðræðugreining.



## REBEKKA ÞRÁINSDÓTTIR

aðjunkt í rússnesku.

Rebekka lauk meistaraprófi í rússnesku og rússneskum bókmenntum frá Ríkisháskólanum í Pétursborg árið 2003 og BA-gráðu í rússnesku frá Háskóla Íslands árið 2001.

